Ársskýrsla
Landsbankans 2017

Ársskýrsla Landsbankans 2017 var gefin út á rafrænu formi og var gerð aðgengileg á vef bankans 15. febrúar 2018.
Þessi útgáfa ársskýrslunnar var gerð til að hægt væri að varðveita hana á prentvænan hátt.

Markaðshlutdeild Landsbankans hélt áfram að aukast á árinu 2017 og kannanir sýndu aukna ánægju viðskiptavina með þjónustu bankans og vaxandi traust. Hagnaður Landsbankans á árinu 2017 nam 19,8 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 16,6 milljarða króna árið 2016. Arðsemi eiginfjár eftir skatta á árinu 2017 var 8,2%.

Stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi

Landsbankinn veitir einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum um allt land trausta og alhliða fjármálaþjónustu sem byggir á langtíma viðskiptasamböndum.

Einstaklingar í viðskiptum við Landsbankann	123.358
Fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann	13.503
Útibú og afgreiðslur í árslok 2017	37
Fjöldi hraðbanka / fjöldi afgreiðslustaða	79/62
Stöðugildi í árslok 2017	997



Fjölbreytt þjónusta Landsbankans

Landsbankinn leggur mikla áherslu á stafræna þróun og að gera viðskiptavinum sínum kleift að sinna bankaviðskiptum hvar og hvenær sem er.

Landsbankinn þinn

Stefna Landsbankans er að vera til fyrirmyndar, vera traustur samherji í fjármálum og skara fram úr í þjónustu og samskiptum við viðskiptavini.

Stjórn og skipulag

Góðir stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans.

Ávörp

Ávarp formanns bankaráðs og bankastjóra
Helga Björk Eiríksdóttir var kjörin formaður bankaráðs Landsbankans í apríl 2016. Lilja Björk Einarsdóttir tók við starfi bankastjóra Landsbankans þann 15. mars 2017.

Ávarp formanns bankaráðs Landsbankans

„Landsbankinn naut vaxandi meðbyrs á árinu 2017. Góðar efnahagsaðstæður á Íslandi endurspegluðust í bættri afkomu viðskiptavina og sterkari stöðu bankans.“

- Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs.

Landsbankinn naut vaxandi meðbyrs á árinu 2017. Góðar efnahagsaðstæður á Íslandi endurspegluðust í bættri afkomu viðskiptavina og sterkari stöðu bankans. Vanskil héldu áfram að minnka og útlánasafn bankans þróaðist með hagstæðum hætti. Launahækkanir, sterkt gengi krónunnar og aukin samkeppni um vinnuafl hafa á hinn bóginn sett fyrirtækjarekstri þrengri skorður en áður. Útlit er fyrir að árið 2018 verði krefjandi fyrir fyrirtæki í flestum greinum atvinnulífsins og er Landsbankinn þar ekki undanskilinn.

Rekstur í samræmi við áætlanir

Rekstur Landsbankans var í samræmi við áætlanir ársins 2017. Hagnaður bankans nam 19,8 milljörðum króna, samanborið við 16,6 milljarða króna árið 2016. Rekstrartekjur jukust um 4,8 milljarða króna eða um 9,9% og rekstrargjöld hækkuðu um 336 milljónir króna eða um 1,4%. Kostnaðarhlutfallið var 46,1% á árinu og lækkaði frá fyrra ári. Arðsemi eiginfjár eftir skatta var 8,2%, sem er undir langtímamarkmiði, og ljóst að bæta þarf grunnrekstur bankans enn frekar.

Landsbankinn fékk góðar viðtökur á erlendum skuldabréfamörkuðum á árinu 2017 og í júní fjármagnaði bankinn m.a. lokagreiðslu skuldar við gamla Landsbanka Íslands, nú LBI ehf., að fjárhæð 16,2 milljarðar króna með útgáfu erlendra skuldabréfa. Lánshæfiseinkunn bankans skiptir verulegu máli, ekki síst á erlendum fjármagnsmörkuðum, og því var ánægjulegt þegar matsfyrirtækið S&P Global Ratings hækkaði lánshæfiseinkunn Landsbankans í BBB+/A-2 með stöðugum horfum sl. haust.

Efnahagur Landsbankans er traustur. Eigið fé hans í árslok 2017 var 246 milljarðar króna og eiginfjárhlutfallið var 26,7%.

Skipting eignarhalds á Landsbankanum hf.

Nafn	Eignarhlutur
Ríkissjóður Íslands	98,20%
Landsbankinn hf.	1,50%
Aðrir hluthafar*	0,30%

*Árið 2013 fengu um 1.400 starfsmenn og fyrrum starfsmenn afhenta hluti í Landsbankanum í samræmi við samning um uppgjör LBI hf. og íslenska ríkisins. Við samruna Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Norðurlands eignuðust fyrrum stofnfjárhafar í sjóðunum hluti í bankanum.

Frá árinu 2013 hefur Landsbankinn greitt hluthöfum sínum alls um 107 milljarða króna í arð en arðgreiðslurnar renna nánast að öllu leyti í ríkissjóð.

Eiginfjárhlutfallið er hátt á alla mælikvarða þrátt fyrir að bankinn hafi frá árinu 2013 greitt meirihluta hagnaðar fyrra árs til hluthafa.

Á árinu 2017 greiddi bankinn 24,8 milljarða króna í arð vegna

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs



afkomu á árinu 2016. Á tímabilinu 2013-2017 greiddi Landsbankinn hluthöfum sínum alls um 107 milljarða króna í arð en arðgreiðslurnar renna nánast að öllu leyti í ríkissjóð. Á aðalfundi bankans 21. mars nk. mun bankaráð leggja til að bankinn greiði 15,4 milljarða króna í arð vegna afkomu ársins 2017. Árið 2016 ákvað bankaráð að nýta sér heimild aðalfundar til kaupa á eigin hlutum í bankanum og gátu kaupin að hámarki numið 480 milljón hlutum eða 2% af útgefnu hlutafé. Tilgangurinn var að lækka eigið fé bankans og gefa hluthöfum kost á að selja hluti sína í bankanum með gagnsæjum hætti en hömlur á framsali hlutanna féllu niður 1. september 2016. Endurkaupin fóru fram á þremur tímabilum og stóð hið síðasta frá 13.-24. febrúar

2017. Á þriðja endurkaupatímabili keypti Landsbankinn samtals 8.509.625 eigin hluti að kaupvirði 90.394.085 krónur. Landsbankinn keypti samtals 142.031.497 eigin hluti samkvæmt endurkaupaáætluninni eða sem nemur 0,6% af útgefnum hlutum í félaginu og nam kaupverð þeirra 1.481.500.289 krónum.

Lilja Björk Einarsdóttir var ráðin bankastjóri Landsbankans 23. janúar 2017 og tók hún til starfa 15. mars, eða viku fyrir aðalfund bankans. Lilja tók við af Hreiðari Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Fjármálasviðs Landsbankans, sem gegndi starfinu tímabundið eftir að Steinþór Pálsson lét af störfum 30. nóvember 2016.

Á aðalfundi bankans 22. mars 2017 voru Berglind Svavarsdóttir, Einar Þór Bjarnason, Hersir Sigurgeirsson, Jón Guðmann Pétursson og Magnús Pétursson endurkjörin í bankaráð Landsbankans. Sigríður Benediktsdóttir var kjörin í bankaráð í stað Danielle Pamelu Neben sem hafði setið í bankaráði frá aðalfundi árið 2013.

Á árinu lauk bankinn, í samvinnu við Reiknistofu bankanna, við innleiðingu á nýju innlána- og greiðslukerfi frá alþjóðlega upplýsingatæknifyrirtækinu Sopra Banking Software. Nýja kerfið leysir af hólmi allt að 40 ára gömul tölvukerfi og er bæði hagkvæmara og sveigjanlegra en eldri kerfi.

Endurnýjun kerfanna auðveldar bankanum að bregðast við nýjum þörfum viðskiptavina sinna og býr einnig í haginn fyrir áframhaldandi þróun stafrænnar þjónustu, en á árinu skerpti bankaráð áherslur sínar á því sviði. Landsbankinn er því með traustar og öruggar undirstöður sem munu nýtast vel til framtíðar.

Fjötur um fót í samkeppni

Sérstaða fjármálamarkaðarins umfram margan annan rekstur er að eftirlitið með starfseminni hefur á síðustu árum orðið æ umfangsmeira og flóknara og þar af leiðandi kostnaðarsamara. Fram hjá þessu verður ekki litið. Þá greiða bankar einir íslenskra fjármálafyrirtækja sérstakan skuldaskatt til ríkisins, sérstakan skatt á laun starfsmanna sinna ásamt því að greiða 6% viðbótar tekjuskatt á hagnað umfram 1 milljarð króna. Þessir skattar námu um 5,3 milljörðum króna árið 2017 og á síðustu tíu árum hefur bankinn greitt samanlagt um 30,5 milljarð króna í skatta af

starfsemi sinni, umfram það sem öðrum er gert að greiða.

Ofangreind tilhögun skekkir samkeppnisstöðu íslenskra banka verulega gagnvart erlendum bönkum, íslenskum lífeyrissjóðum og fjártæknifyrirtækjum, sem eru í örri sókn þessi misserin. Nú þegar íslenskir bankar eru loks að verða samkeppnishæfari gagnvart erlendum bönkum, vegna bættrar lánshæfiseinkunnar íslenska ríkisins og betra aðgengis að erlendum fjármálamörkuðum, eru þeir engu að síður að missa viðskipti við stöndug íslensk fyrirtæki yfir til erlendra banka. Það gefur augaleið að sú stefna stjórnvalda að leggja sérstaka skatta á íslenska banka, sem erlendir bankar þurfa ekki að greiða, er íslenskum bönkum fjötur um fót.

Nýtt og hagkvæmara húsnæði

Einn liður í að bregðast við vaxandi samkeppni og örum breytingum á bankaþjónustu er að sameina miðlæga starfsemi bankans í nýjum húsakynnum. Núverandi húsakostur Landsbankans í miðborg Reykjavíkur er bæði óhagkvæmur og hentar starfseminni illa. Bankaráð Landsbankans tók sl. vor ákvörðun um að byggja á lóð bankans við Austurhöfn. Þar mun bankinn reisa hús sem mun mæta þörfum nútíma fjármálafyrirtækis og auðvelda nauðsynlega samvinnu milli ólíkra deilda bankans. Bankinn auglýsti eftir samstarfsaðilum um hönnun hússins og fékk í janúar sl. afar áhugaverðar tillögur frá sex arkitektateymum og mun í febrúar ganga til samninga við eitt þessara teyma um endanlega hönnun hússins. Á meðan hönnun og framkvæmdir standa yfir munu starfsmenn bankans nýta tímann til að breyta verklagi og skipulagi þannig að hið nýja húsnæði muni strax skila hagræðingu og bættri þjónustu við viðskiptavini.

Landsbankinn hefur á að skipa öflugu starfsfólki sem er tilbúið að leggja sig fram til að bankinn geti veitt framúrskarandi þjónustu. Kannanir á árinu 2017 sýndu að ánægja með þjónustu bankans er mikil og fer vaxandi. Traust til bankans hefur sömuleiðis aukist. Þetta eru afar ánægjulegar niðurstöður og gott veganesti til framtíðar. Fyrir hönd bankaráðs Landsbankans þakka ég viðskiptavinum traustið og starfsfólki fyrir góð störf. Einnig vil ég þakka hluthöfum og eftirlitsaðilum góð samskipti á liðnu ári.

Ávarp bankastjóra Landsbankans

„Þróun bankaþjónustu snýst ekki síst um að hagnýta stafræna tækni og nýta þær upplýsingar sem bankinn býr yfir til að geta boðið viðskiptavinum sem besta þjónustu.“

- Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri.

Landsbankinn er leiðandi í bankaþjónustu á Íslandi og stefna bankans er að vera traustur samherji í fjármálum. Áhersla bankans á næsta ári verður á traustan rekstur og framþróun í stafrænni bankaþjónustu og rekstri. Bankinn vex á ábyrgan hátt í takt við samfélagið og reksturinn skilar raunhæfri ávöxtun á eigið fé og með góðri stýringu lausafjár hefur verið hægt að skila umtalsverðum arðgreiðslum til eigenda síðastliðin ár.

Rekstur Landsbankans gekk vel á árinu 2017. Afkoma bankans var góð og í samræmi við væntingar. Markaðshlutdeild bankans hélt áfram að aukast, kannanir sýndu aukið traust til hans og meiri ánægju viðskiptavina með þjónustuna. Rekstur bankans er traustur og stöðugur og þrátt fyrir almennar kostnaðarhækkanir hefur kostnaður bankans haldist nánast sá sami í krónum talið á milli ára. Þjónustutekjur jukust á árinu vegna aukinna umsvifa í þjóðfélaginu og markvissrar markaðssóknar en aukningin var einkum vegna þjónustu við fyrirtæki og fagfjárfesta.

Fjárhagsleg staða Landsbankans er sterk. Um síðastliðin áramót nam eigið fé bankans um 246 milljörðum króna og eiginfjárhlutfallið var 26,7%. Rekstur bankans er stöðugur og svokallaðir einskiptisliðir skipta minna máli í uppgjörinu en oft áður.

Meira traust á erlendum fjármálamörkuðum

Bankinn nýtur sífellt meira trausts á erlendum fjármálamörkuðum, eins og vel heppnuð erlend skuldabréfaútgáfa bankans á árinu 2017 ber með sér. Kjörin sem bankanum buðust voru betri en áður og mikil umframeftirspurn fjárfesta gefur fyrirheit um að aðgangur bankans að erlendu lánsfjármagni sé greiður. Stærstur hluti af andvirði erlendrar skuldabréfaútgáfu á árinu 2017 var notaður til að fyrirframgreiða óhagkvæmari fjármögnun ásamt því að treysta lausafjárstöðu. Bankinn mun á næstu árum áfram leitast við að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan sinni, m.a. með útgáfu víkjandi skuldabréfa.

Meginhlutverk Landsbankans er að þjóna fjölbreyttu samfélagi og atvinnulífi. Bankinn aðlagar sig að aðstæðum hverju sinni og störf og skipulag bankans taka mið af þörfum viðskiptavina og hagsmunaaðila hverju sinni. Það er mikilvægt verkefni stjórnenda bankans að vera sífellt á tánum gagnvart tækifærum til hagræðingar og aukinnar skilvirkni í bankarekstri. Slíkt skilar sér í betri arðsemi til langs tíma.

Stærsta upplýsingatækniverkefni Landsbankans

Árið 2017 var viðburðaríkt í rekstri Landsbankans. Stærsti

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri



einstaki áfanginn var innleiðing á nýju innlána- og greiðslukerfi í samvinnu við Reiknistofu bankanna og Sopra Banking Software en Landsbankinn var fyrstur íslenskra banka til að taka kerfið í notkun. Löngu var orðið tímabært að endurnýja innlána- og greiðslukerfi bankans, enda leystu þau af hólmi mörg eldri kerfi Reiknistofunnar sem sum voru komin vel til ára sinna. Verkefnið var afar umfangsmikið og flókið, m.a. vegna þess að þetta var í fyrsta sinn sem skipt er um innlána- og greiðslukerfi í rauntíma. Yfirfærslan tókst í öllum meginatriðum mjög vel. Engu að síður urðu nokkrar truflanir á þjónustu bankans. Viðskiptavinir okkar sýndu truflununum mikinn skilning og þolinmæði og hið sama má segja um samstarfsaðila okkar. Kunnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir.

Innleiðing á nýjum innlána- og greiðslukerfum var stærsta upplýsingatækniverkefni sem Landsbankinn hefur tekist á

við og styrkir enn frekar öfluga innviði bankans á þessu sviði. Þróun bankaþjónustu snýst ekki síst um að hagnýta stafræna tækni og nýta þær upplýsingar sem bankinn býr yfir til að geta boðið viðskiptavinum sem besta þjónustu.

Meiri áhersla á stafrænar lausnir

Um mitt ár 2017 var stefnuáherslum bankans breytt og næstu þrjú ár verður aukinn þungi lagður í að bjóða upp á stafrænar lausnir sem einfalda viðskiptavinum bankans lífið. Enn meiri áhersla er nú lögð á að þjónusta bankans sé skilvirk og aðgengileg fyrir viðskiptavini. Starfsmenn eru hvattir til að sýna meira frumkvæði, hvort sem er gagnvart viðskiptavinum eða til þess að bæta þjónustu bankans í heild, og mikið er lagt upp úr að sú þjónusta sem bankinn veitir sé virðisaukandi fyrir viðskiptavini.

Nýjar reglur um fjármálafyrirtæki sem brátt taka gildi gera það að verkum að á næstu árum má búast við að samkeppni á sviði stafrænnar bankaþjónustu og greiðslumiðlunar muni enn aukast. Landsbankinn er vel í stakk búinn til að takast á við þessar breytingar, enda byggir hann á sterkari grunni en nokkru sinni fyrr.

Um leið vinnur bankinn áfram að því að sjálfvirknivæða sem flesta ferla sína. Verk sem áður kröfðust töluverðrar vinnu munu heyra sögunni til. Með því batnar þjónustan og kostnaður minnkar.

Ný löggjöf skapar tækifæri fyrir Landsbankann

Nýjar reglur um greiðslumiðlun, PSD2, snúast m.a. um að bankar munu veita óhindrað aðgengi að ákveðnum upplýsingum, gegn samþykki reikningseiganda. Með því skapast tækifæri fyrir fjártæknifyrirtæki til að eiga milligöngu um greiðslur beint af bankareikningum. Við í Landsbankanum lítum svo á að löggjöfin skapi ekki síður tækifæri fyrir bankann til að bjóða upp á enn fjölbreyttari þjónustu.

Ný reglugerð Evrópusambandsins um persónuvernd mun sömuleiðis hafa miklar breytingar í för með sér. Reglugerðin kveður á um að einstaklingar fái aukið vald yfir því hvernig fyrirtæki og félagasamtök nýta upplýsingar um þá. Persónuupplýsingar eru í senn viðkvæmar fyrir einstaklinga og verðmætar fyrir fyrirtæki. Landsbankinn hefur lagt mikla vinnu í að undirbúa bankann fyrir gildistöku reglugerðarinnar, enda skiptir miklu máli hvar upplýsingar um einstaklinga eru geymdar og að viðskiptavinir skilji í hvaða tilgangi gögn eru unnin. Landsbankinn leggur ávallt mikla áherslu á öryggismál, gagnsæi og gagnavernd.

Landsbankinn er vel undirbúinn fyrir þær breytingar sem framundan eru á bankakerfinu og mun áfram kappkosta að veita einstaklingum og fyrirtækjum um allt land fyrirmyndarþjónustu. Ég þakka viðskiptavinum traustið og starfsfólki Landsbankans fyrir ötult starf á undanförnu ári.

Bankaráð og framkvæmdastjórn

Bankaráð er kosið á aðalfundi og fer með æðsta vald í málefnum Landsbankans á milli hluthafafunda. Í framkvæmdastjórn bankans sitja bankastjóri og framkvæmdastjórar sviða bankans.

Bankaráð

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi bankans í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir. Bankaráð mótar almenna stefnu bankans og skal annast um að skipulag og starfsemi bankans sé jafnan í réttu horfi. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs

Helga Björk Eiríksdóttir er framkvæmdastjóri Integrum, sem starfar á sviði fasteigna-þróunar og ráðgjafar. Hún var áður fjárfesta- og almannatengill hjá Marel ásamt því að gegna formennsku í stjórn Sparisjóðs Svarfdæla. Þá hafði hún umsjón með samskiptamálum fyrir skilanefnd og slitastjórn Kaupþings hf. á árunum 2009 og 2010. Hún var markaðs- og kynningarstjóri Nasdaq OMX kauphallarinnar á Íslandi um átta ára skeið.

Helga Björk er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun 1999 frá sama skóla. Helga Björk lauk prófi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2002 og hefur lagt stund á verðbréfaviðskiptanám við Háskólann í Reykjavík. Á árunum 2010-2012 starfaði hún við sjálfstæða ráðgjöf.

Magnús Pétursson, varaformaður

Magnús Pétursson lauk BA Econ. (Hons) prófi í hagfræði frá háskólanum í York á Englandi 1971. Hann stundaði síðan framhaldsnám í hagfræði og skipulagsfræði við Lundarháskóla og Háskólann í Umeå í Svíþjóð 1973-1976. Magnús hefur gegnt ýmsum ábyrgðarstörfum og átt sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum. Hann var m.a. skrifstofustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 1976-1981 og síðan hagsýslustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 1981-1988. Magnús var ráðgjafi og aðstoðarforstjóri á skrifstofu Norðurlandanna í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1988-1990. Á árunum 1991-1998

var hann ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis. Magnús var forstjóri Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og síðan forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss á árunum 1998-2008. Magnús var ríkissáttasemjari 2008-2015.

Berglind Svavarsson

Berglind Svavarsdóttir er hæstaréttarlögmaður og meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. Berglind lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1989. Berglind er með diplóma í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri. Hún starfaði hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árunum 1988-1989 og sýslumanninum á Húsavík 1990-1996. Hún hefur rekið eigin lögmannsstofu og fasteignasölu, var meðeigandi Regula lögmannsstofu og meðeigandi Acta lögmannsstofu þar til Acta sameinaðist Lögfræðistofu Reykjavíkur. Berglind hefur gegnt ýmsum stjórnarstörfum og átt sæti í opinberum nefndum.

Einar Þór Bjarnason

Einar Þór Bjarnason hefur starfað sem meðeigandi og rekstrarráðgjafi hjá Intellecta, m.a. á sviði stefnumótunar og breytingastjórnunar, frá árinu 2001. Hann lauk prófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1987 og meistaragráðu í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði frá Oregon State University í Bandaríkjunum árið 1992. Þá lauk hann MBA-námi frá Norwegian School of Management í Osló árið 1997. Einar Þór starfaði sem verkefnisstjóri hjá Eimskip 1987-1989 og hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins 1989-1991 en hefur starfað sem ráðgjafi frá 1992, hérlendis og í Noregi. Einar hefur setið í stjórnum íslenskra fyrirtækja og samtaka og sat m.a. í stjórnum Stjórnvísi og Íslensku ánægjuvogarinnar.

Hersir Sigurgeirsson

Hersir Sigurgeirsson er dósent í fjármálum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Hersir lauk BSc-prófi í stærðfræði

frá Háskóla Íslands árið 1995, meistaraprófi í fjármálastærðfræði frá Stanford University árið 1999 og doktorsprófi í hagnýtri stærðfræði frá sama skóla 2001. Hann hefur einnig lokið prófi í verðbréfamiðlun. Hersir hefur mikla reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Hann starfaði fyrir Saga Capital á Akureyri, fyrst sem framkvæmdastjóri áhættustýringar og rekstrar og síðar sem forstjóri. Einnig starfaði hann sem ráðgjafi hjá Alþjóðabankanum í Washington 2013-2015. Hersir hefur setið í stjórnum fyrirtækja, í nefndum og verið kallaður til sem sérfróður meðdómari og dómkvaddur matsmaður í fjölda dómsmála vegna verðmats, skattamála o.fl.

Jón Guðmann Pétursson

Jón Guðmann Pétursson lauk Cand. oecon. prófi frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1982 og starfaði sem viðskiptafræðingur hjá Endurskoðunarskrifstofu Björns & Ara árin 1982-1983. Jón var fjármálastjóri sjálfseignarstofnana Varnarliðsins árin 1984-1987, fjármálastjóri Hampiðjunnar árin 1987-2002 og forstjóri árin 2002-2014. Jón hefur setið í stjórnum fjölmargra innlendra og erlendra fyrirtækja, þar á meðal í stjórn Hampiðjunnar árin 2006-2014 og í stjórnum dótturfélaga hennar í Danmörku, Írlandi, Litháen og fleiri löndum, stjórn Royal Iceland frá árinu 2014, stjórn Iceland Seafood International árin 2009-2011, stjórn Vaka árin 2002-2004 og í stjórn Kauphallar Íslands árin 1996-1999.

Sigríður Benediktsdóttir

Sigríður lauk BSc-prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands 1995 og BSc-prófi í tölvunarfræðum frá sama skóla 1998. Sigríður lauk doktorsprófi í hagfræði frá Yale háskóla í maí 2005. Á árunum 1995-1997 starfaði Sigríður hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og sem verkefnisstjóri og ráðgjafi hjá Hugviti hf. 1997-1998. Hún starfaði sem hagfræðingur hjá Seðlabanka Bandaríkjanna á árunum 2005-2007. Frá 2007 starfaði Sigríður sem kennari og aðstoðarmaður deildarforseta við hagfræðideild Yale háskóla í Bandaríkjunum. Samhliða því stundaði hún rannsóknir á sviði fjármálahagfræði, með áherslur á fjármálamarkaði. Hún var skipuð í rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið árið 2008 og átti sæti í kerfisáhætturáði Danmerkur 2013-2016. Sigríður Benediktsdóttir var ráðin til Seðlabanka Íslands sem framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika árið 2011 og gegndi því starfi til ársins 2016. Sigríður er í fjármálastjórn sjálfseignarstofnunarinnar New Haven Reads sem aðstoðar börn frá efnaminni heimilum við lestrarnám og annað nám. Hún hefur gegnt fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum og ritað fjölda fræðigreina. Hún starfar nú við rannsóknir og kennslu við Yale háskóla í Bandaríkjunum.

Varamaður

Samúel Guðmundsson

Samúel Guðmundsson er framkvæmdastjóri Sjávarkaupa hf., Food Diagnostic Ísland ehf. og S67 ehf. Samúel lauk viðskiptafræðiprófi, Cand. oecon., frá Háskóla Íslands árið 1991 og MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007. Hann á að baki langan starfsferil hjá Olís hf., m.a. sem deildarstjóri hagdeildar 1992-1995, framkvæmdastjóri fjárfestinga- og áhættustýringarsviðs 1997-2006 og framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs 2006-2013. Samúel sat í stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs 2004-2014.

Samúel var kjörinn varamaður í bankaráð Landsbankans á framhaldsaðalfundi bankans 22. apríl 2016.

Framkvæmdastjórn

Samkvæmt skipuriti bankans eru svið bankans sex: Einstaklingssvið, Fyrirtækjasvið, Markaðir, Áhættustýring, Fjármál og Upplýsingatækni. Bankastjóri og framkvæmdastjórar sviðanna skipa framkvæmdastjórn Landsbankans.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum bankaráðs.

Lilja Björk er véla- og iðnaðarverkfræðingur frá Háskóla Íslands með meistarapróf í fjármálaverkfræði frá Michigan-háskóla í Ann Arbor í Bandaríkjunum. Á árunum 2008 til 2016 stýrði Lilja Björk starfsemi, eignaumsýslu og endurheimt eigna gamla Landsbanka Íslands, LBI ehf., í London. Á árunum 2005 til 2008 var hún sérfræðingur og síðar framkvæmdastjóri hjá Landsbanka Íslands hf. í London og bar m.a. ábyrgð á daglegum rekstri og uppbyggingu stoðdeilda.

Áður vann Lilja Björk hjá ráðgjafarfyrirtækinu Marsh &

McLennan og vann m.a. verkefni fyrir Ford-bílaframleiðandann, sem sérfræðingur í gerð áætlana og áhættulíkana fyrir vátryggingarsvið og fjárstýringu.

Upplýsingatækni

Upplýsingtækni er blandað svið þar sem allar deildir eiga það sameiginlegt að sinna rekstri og þróun á innviðum bankans.

Arinbjörn Ólafsson er framkvæmdastjóri Upplýsingatækni.

Arinbjörn lauk M.Sc. prófi í iðnarverkfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og Ph.D gráðu í sömu grein frá Háskólanum í Wisconsin-Madison í Bandaríkjunum árið 2006.

Hann hóf störf á verðbréfasviði Landsbankans árið 2006. Árin 2009-2015 vann hann að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja og stýrði endurútreikningi gengistryggðra lána. Arinbjörn hefur starfað sem forstöðumaður upplýsingatæknideildar hjá Landsbankanum frá árinu 2015.

Fyrirtæki

Meginhlutverk Fyrirtækjasviðs snýr að þjónustu við fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans heyrir einnig undir sviðið.

Árni Þór Þorbjörnsson er framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs.

Árni er lögfræðingur frá Háskóla Íslands með diplóma í rekstrar- og viðskiptafræði. Hann hlaut löggildingu í Corporate Finance frá Securities & Investment Institute í London 2005.

Árni hóf störf hjá Landsbankanum 1996. Á fyrstu árunum annaðist hann almenn lögfræðistörf, ráðgjöf og málflutning. Árni var yfirlögfræðingur Fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands hf. til ársins 2008, en við stofnun Landsbankans hf. tók Árni við sem framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs.

Einstaklingar

Meginhlutverk Einstaklingssviðs er að annast þjónustu við einstaklinga. Fyrirtæki á landsbyggðinni fá auk þess alla almenna bankaþjónustu í útibúum um land allt.

Helgi Teitur Helgason er framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs.

Helgi lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1998.

Sama ár hóf hann störf hjá Landsbankanum sem lögfræðingur og síðar lögmaður. Helgi leiddi opnun skrifstofu Intrum og Lögheimtunnar á Akureyri vorið 2001 og starfaði þar sem svæðisstjóri og lögmaður á Norðurlandi til vorsins 2004 þegar hann tók við starfi útibússtjóra Landsbankans á Akureyri. Hann hefur verið framkvæmdastjóri einstaklingssviðs frá árinu 2010.

Markaðir

Meginhlutverk Markaða er að annast þjónustu er snýr að sölu og miðlun verðbréfa, viðskiptavakt, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir er framkvæmdastjóri Markaða.

Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið löggildingarprófi í verðbréfaviðskiptum. Hrefna hóf störf hjá Landsbankanum 2010.

Hrefna starfaði sem sjóðstjóri hjá Arev verðbréfafyrirtæki frá árinu 2007 þar til hún gekk til liðs við Landsbankann. Þá starfaði Hrefna sem forstöðumaður skráningarsviðs og sérfræðingur á því sviði hjá Kauphöll Íslands frá 1998-2006. Áður gegndi hún starfi forstöðumanns einstaklingsþjónustu hjá Fjárvangi og var starfsmaður á peningamálasviði Seðlabanka Íslands.

Fjármál

Fjármál er blandað tekju- og stoðsvið, en á sviðinu eru átta deildir: Fjárstýringu, Hagdeild, Hagfræðideild, Lánaumsjón, Lögfræðideild, Reikningshald, Rekstur og Viðskiptaumsjón.

Hreiðar Bjarnason er framkvæmdastjóri Fjármála.

Hreiðar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hann er með MSc-gráðu í fjármálafræðum frá London Business School og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Hreiðar hóf störf í Landsbanka Íslands hf. árið 1998, fyrst sem sérfræðingur í Markaðsviðskiptum og síðar í Fjárstýringu. Hreiðar tók við sem framkvæmdastjóri Markaða og fjárstýringar Landsbankans hf. snemma árs 2010, en tók við stöðu framkvæmdastjóra Fjármála í ágúst 2012.

Fjármálasviðið er blandað tekju- og stoðsvið, en á sviðinu eru fimm deildir: Fjárstýring, Hagdeild, Hagfræðideild, Lögfræðideild og Reikningshald.

Áhættustýring

Áhættustýring ber ábyrgð á greiningu áhættu og eftirliti með henni. Áhættustýring gegnir enn fremur veigamiklu hlutverki í útlánaferli bankans.

Perla Ösp Ásgeirsdóttir er framkvæmdastjóri Áhættustýringar.

Perla er með MSc-gráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík. Perla hóf störf hjá Landsbankanum sem forstöðumaður Áhættustýringar 2010 og varð framkvæmdastjóri Áhættustýringar síðar sama ár.

Perla starfaði hjá Seðlabanka Íslands á árabilinu 2005-2010. Perla sinnti m.a. eftirliti með fjármálafyrirtækjum og mörkuðum hjá Seðlabanka Íslands og annaðist gerð áhættulíkana fyrir íslenskan fjármálamarkað. Perla starfaði fyrir rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun leggur mat á stjórnarhætti, áhættustjórnun og eftirlitsaðferðir Landsbankans. Athugunum Innri endurskoðunar er, auk annars, ætlað að veita hæfilega vissu um að bankinn nái markmiðum sínum varðandi skilvirkni, varðveislu eigna, áreiðanleika upplýsinga og að hann fylgi lögum og reglum.

Kristín Baldursdóttir er innri endurskoðandi Landsbankans.

Kristín er hagfræðingur frá Háskóla Íslands, með MPM-gráðu frá sama háskóla, hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum og er með alþjóðlega vottun sem innri endurskoðandi.

Kristín hóf störf sem innri endurskoðandi hjá Landsbankanum hf. árið 2009. Áður starfaði Kristín hjá Íslandsbanka um 18 ára skeið sem viðskiptastjóri, verkefnastjóri og forstöðumaður rekstrardeildar bankans.

Regluvarsla

Regluvarsla hefur það hlutverk að veita starfsfólki Landsbankans fræðslu og ráðgjöf vegna laga um verðbréfaviðskipti, hafa eftirlit með framkvæmd laganna og takmarka eins og kostur er reglufylgniáhættu bankans. Þá hefur regluvarsla einnig það hlutverk að annast varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þórður Örlygsson er regluvörður Landsbankans.

Þórður er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann hóf störf hjá Landsbankanum árið 2004, fyrst sem sérfræðingur í skuldaúrlausnum en tók við sem regluvörður árið 2005.

Áður starfaði Þórður sem sérfræðingur í lögfræðiráðgjöf hjá Kaupþingi banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Skipurit Landsbankans



Stefna og stjórnarhættir

Árið 2017 setti bankinn sér nýjar stefnuáherslur og leggur nú meiri áherslu á framfarir í stafrænni þjónustu.

Áhersla á framfarir í stafrænni þjónustu

Undir lok árs 2017 kynnti bankinn nýjar stefnuáherslur til ársins 2020 og er megináhersla lögð á framfarir í stafrænni þjónustu við viðskiptavini. Nýju stefnuáherslurnar eru í fjórum liðum:

Aðgengi: Viðskiptavinir geta með einföldum hætti sinnt öllum helstu bankaviðskiptum sínum hvar og hvenær sem þeim hentar. Þeir hafa gott aðgengi að upplýsingum og góða yfirsýn yfir fjármálin.

Skilvirkni: Viðskiptavinir spara tíma og fyrirhöfn með lausnum bankans. Erindi þeirra eru afgreidd hratt og örugglega með þeirri þjónustuleið sem þeir kjósa.

Virðisaukandi: Viðskiptavinir fá persónulega þjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum. Þeir upplifa að samband þeirra við bankann sé verðmætt og að viðskiptasagan skipti máli.

Frumkvæði: Viðskiptavinum er sýndur áhugi og á þá er hlustað.

Þeir finna að starfsfólk bankans vinnur starf sitt af fagmennsku og sýnir frumkvæði.

Markmið Landsbankans til ársins 2020

Árið 2015 setti Landsbankinn sér stefnu til fimm ára og gerður var ítarlegur listi yfir þau verkefni sem skyldi lokið við fyrir 2020. Árið 2017 hafði ýmist verið lokið við flest verkefnin eða þau vel á veg komin. Um leið höfðu nýjar áskoranir bæst við s.s. ný löggjöf um persónuvernd og opið gagnaumhverfi og breytingar á stafrænni tækni. Því voru nýjar stefnuáherslur kynntar til sögunnar undir lok árs 2017. Nýjar áherslur Landsbankans styðja við stefnu bankans - Landsbankinn

SÝN

Landsbankinn ER TIL FYRIRMYNDAR

- Við setjum viðskiptavininn í forgang.
- Við byggjum á öflugu samstarfi og stöðugum framförum.
- Hjá okkur tekur hver og einn ábyrgð á að árangur náist.



Meginmarkmiðin fimm snúast um

- Ánægju og tryggð viðskiptavina
- Að arðsemi eigin fjár sé um 10%
- Að kostnaðarhlutfall sé um 45%
- Starfsánægju starfsfólks
- Að áhættuvilji sé innan skilgreindra marka

ætlar að vera til fyrirmyndar, vera traustur samherji í fjármálum og skara fram úr í þjónustu og samskiptum við viðskiptavini. Áfram er unnið að þeim meginmarkmiðum sem voru sett árið 2015 en bætt hefur verið við mælanlegum markmiðum um framfarir í stafrænni þjónustu.

Stafræn og persónuleg þjónusta

Landsbankinn mun leggja áherslu á að finna lausnir og veita þjónustu út frá þörfum viðskiptavinarins og í takt við kröfur og breytingar á fjármálamarkaði.

Öryggi og traustur grunnur

Landsbankinn leggur áherslu á öryggi í viðskiptum og að tryggja að vistun og notkun persónugagna sé með besta móti. Landsbankinn leggur áherslu á að vera leiðandi í upplýsingaöryggi á Íslandi.

Nútímavæðing útibúa og afgreiðslu heldur áfram og jafnframt verður gætt vel að því að viðhalda sterkri markaðsstöðu bankans og góðum tengslum við viðskiptavini um allt land.

Áfram verður unnið að hagræðingu í rekstri og að því að gera þjónustu skilvirkari þannig að bankinn geti boðið viðskiptavinum sínum samkeppnishæf kjör og um leið skilað eigendum ásættanlegri arðsemi.

Öflug fyrirtækjamenning

Til að hægt sé að ná þessum markmiðum bankans er grundvallaratriði að styðja við starfsfólkið, mannauð bankans.

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að styrkja starfsmannahópinn og innleiða fyrirtækjamenningu sem byggir á frumkvæði, trausti og gagnsæi. Með aukinni nýtingu á stafrænni tækni og sjálfvirkni minnkar vægi einhæfra starfa sem mun skila sér í aukinni starfsánægju.

Nánar er fjallað um mannauðsstefnu í kaflanum Mannauður.

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Á hverju ári gerir Landsbankinn úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir bankans á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti tilkynnti í mars 2017 um endurnýjun á viðurkenningu Landsbankans sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum fyrir tímabilið 2016-2017. Viðurkenningin byggir á úttekt Deloitte ehf. á stjórnarháttum bankans sem fram fór í janúar 2017. Úttektin tekur mið af leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Viðurkenningin er fyrst og

Stjórnarháttayfirlýsing

Landsbankinn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og gerir grein fyrir þessum þætti í stjórnarháttayfirlýsingu bankans ár hvert. Þar koma einnig fram nánari upplýsingar um bankaráð og undirnefndir þess.

Fullnustueignir í árslok skiptust í eftirfarandi eignaflokka:	
Íbúðir	26
Atvinnuhúsnæði	21
Lóðir fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði	49
Sumarhúsalóðir	264
Sumarhús	3
Aðrar fasteignir	7
Jarðir	7
Bátar	5
Bílar og tæki	20
Birgðir	1
	403

fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti.

Sala eigna Landsbankans á árinu 2017

Í mars 2016 setti Landsbankinn nýja stefnu sem nær til sölu allra eigna í eigu bankans. Markmið stefnunnar er að vanda og treysta enn frekar innri stjórnarhætti bankans um sölu eigna og takmarka þá rekstrar- og orðsporsáhættu sem sala eigna getur falið í sér. Stefnunni er ætlað að stuðla að gagnsæi og trúverðugleika við sölu eigna og efla þannig traust til bankans. Stefnunni er jafnframt ætlað að hámarka endurheimtur krafna við sölu fullnustueigna.

Í stefnunni kemur fram að árlega skuli birta skýrslu á vefsíðu bankans þar sem veittar eru samandregnar upplýsingar um eignir sem eru til sölu, eignir sem seldar hafa verið á liðnum 12 mánuðum og samandregnar upplýsingar um frávik frá meginreglunni um opið söluferli á liðnum 12 mánuðum. Skýrslan er nú hluti af ársskýrslu bankans og fer hér á eftir.

Eignir til sölu í árslok 2017

Alls voru 403 fullnustueignir bankans til sölu 31. desember 2017. Bókfært verðmæti þeirra var um 3,4 ma.kr. Auk þess voru þrjár fasteignir í eigu Lands-

bankans sem voru áður notaðar undir starfsemi bankans til sölu 31. desember 2017, auk einnar bifreiðar.

Í árslok 2017 voru eignarhlutir í 12 óskráðum félögum í sölumeðferð. Eignarhlutirnir eru ýmist í eigu Landsbankans eða Hamla fyrirtækja ehf., dótturfélags bankans. Upplýsingar um eignarhlutina voru m.a. birtar á vef bankans.

Eignir sem voru seldar á árinu 2017

Á árinu 2017 seldi Landsbankinn 278 fullnustueignir, 8 fasteignir, 11 bifreiðar og eignarhluti í tveimur félögum. Heildarsöluverðmæti þessara eigna nam um 6,2 mö.kr.

Eignirnar sem seldar voru á árinu 2017*	Fjöldi	Samtals söluverð
Íbúðir	62	1.935.443.000
Atvinnuhúsnæði	14	1.574.390.000
Lóðir fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði	82	1.273.945.000
Jarðir	9	424.885.000
Sumarhúsalóðir	30	44.130.000
Sumarhús	10	136.950.000
Bátar/Skip	3	10.400.000
Birgðir	1	7.005.495
Bílar og tæki	81	66.976.255
Annað	5	67.400.000
Eignarhlutir í félögu	2	684.520.115
Samtals	**299**	**6.226.044.865**

*Verðbréf og aðrir fjármálagerningar sem teknir hafa hafa verið til viðskipta á markaði eru seldir á markaði og telst slík sala fela í sér opið söluferli. Slík viðskipti eru undanskilin í töflunni hér að ofan.

Upplýsingar um frávik frá meginreglu um opið söluferli

Í stefnu bankans um sölu eigna kemur fram að víkja megi frá meginreglunni um opið söluferli ef talið er að slíkt ferli brjóti gegn lögvörðum hagsmunum bankans eða að viðskiptalegir annmarkar séu á því að viðhafa opið söluferli.

Með viðskiptalegum annmörkum er t.d. átt við einkaleyfi eða samning viðkomandi fyrirtækis við birgja eða vörumerkjaeigendur, ákvæði í hluthafasamningi eða samþykktum, svo sem forkaupsréttarákvæði, sjónarmið annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa eða þegar verðmæti eignar er það lítið að það réttlæti ekki kostnað við opið söluferli.

Afkoma ríkisins af eignarhlut í Landsbankanum

	Afkoma
Hreinn fjármagnskostnaður	-91.649
Hlutdeild í eigin fé	244.600
Hrein afkoma ríkisins	**153.343**

* Miðað við bókfært eigið fé 31.12.2017
Allar tölur í milljónum króna

Kveðið er á um að frávik frá meginreglunni um opið söluferli skuli vera rökstudd og skráð. Slík frávik eru jafnframt háð sérstöku samþykki bankaráðs.

Í þremur tilvikum var vikið frá meginreglunni um opið söluferli á árinu 2017 og voru frávikin frá opnu söluferli samþykkt af bankaráði. Samanlagt söluverðmæti þessara þriggja eigna var 94 milljónir króna.

Hrein afkoma ríkisins af Landsbankanum nemur 153,3 milljörðum króna

Við stofnun Landsbankans hf. haustið 2008 lagði íslenska ríkið bankanum til 122 milljarða króna. Þar með eignaðist ríkið 81,33% hlut í bankanum. Breyting varð á eignarhaldi Landsbankans 11. apríl 2013 þegar 18,67% hlutur, sem var í eigu Landskila fyrir hönd slitastjórnar LBI hf., rann til íslenska ríkisins og Landsbankans í samræmi við samkomulag frá desember 2009.

Frá stofnun Landsbankans til og með ársins 2017 hafa arðgreiðslur bankans til ríkisins numið um 107 milljörðum króna, eða um 87% af upphaflegu kaupverði. Þegar tekið hefur verið tillit til vaxtakostnaðar ríkisins, arðgreiðslna og upphaflegs kaupverðs, nemur kostnaður ríkisins vegna kaupa á eignarhlut sínum í bankanum 91,3 milljörðum króna en verðmæti hlutarins* nam um áramót um 244,6 milljörðum króna. Hrein afkoma ríkisins samkvæmt þessu er því um 153,3 milljarðar króna.

Ríkissjóður heldur auk þess á hlutum í Landsbankanum vegna eignarhalds ríkisins í Sparisjóði Vestmannaeyja og Sparisjóði Norðurlands en ekki er tekið tillit til þessara hlut í ofangreindri samantekt. Eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum var samtals 99,7% af útistandandi hlutum í árslok 2017.

Árið 2016 í hnotskurn

Landsbankinn innleiddi nýtt innlána- og greiðslukerfi, greiddi upp eftirstöðvar skuldabréfa LBI ehf., nýr bankastjóri tók til starfa og S&P Global Ratings hækkaði lánshæfiseinkunn bankans í BBB+/A-2 með stöðugum horfum.



- Landsbankinn styður ábyrga ferðaþjónustu
- Umræðan valin besta efnis- og fréttaveitan og farsímabankinn, l.is, besta vefappið á Íslensku vefverðlaununum
- Landsbankinn hagnaðist um 16,6 milljarða króna árið 2016
- Kaup Landsbankans á eigin hlutum á þriðja endurkaupatímabili
- Landsbankinn gefur út skuldabréf í evrum
- Lilja Björk Einarsdóttir tekur við starfi bankastjóra Landsbankans
- Viðamikil útgáfa og greining á verslun og þjónustu í tengslum við ráðstefnu SVÞ
- Samfélagsskýrslan Landsbankans fyrir árið 2016 gefin út í vefútgáfu
- Landsbankinn greiðir 24,8 milljarða króna í arð 2017
- Landsbankinn fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

- Vel heppnaður fræðslufundur um fjárfestingatækifæri erlendis
- Landsbankinn fær endurvottun samkvæmt alþjóðlegum staðli fyrir upplýsingaöryggi
- Landsbankinn hagnast um 7,6 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017

- Landsbankinn ákveður að byggja á lóð sinni við Austurhöfn
- Landsbankinn gerir sátt við Samkeppniseftirlitið og ræðst í aðgerðir til að efla samkeppni
- Landsbankinn gefur út skuldabréf í sænskum krónum
- Landsbankinn greiðir upp eftirstöðvar skuldabréfa LBI ehf.
- Samstarf Hinsegin daga og Landsbankans eflist með nýjum styrktarpotti
- Landsbankinn fær lán frá NIB til fjármögnunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja

- Arinbjörn Ólafsson nýr framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Landsbankans
- Landbankinn hagnast um 12,7 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2017
- Fjölmenni í Landsbankanum á Menningarnótt
- Landsbankinn hættir umsýslu með erlendar ávísanir
- Aukakrónur 10 ára
- Landsbankinn tekur þátt í Íslensku sjávarútvegssýningunni 2017
- Kynningarfundur um fjármögnun fyrirtækja í eigu kvenna
- Landsbankinn stendur fyrir ferðaþjónusturáðstefnu og gefur út ítarlega greiningu á íslenskri ferðaþjónustu

- Landsbankinn opnar gjaldeyrishraðbanka í öllum útibúum sínum á höfuðborgarsvæðinu
- Sjö arkitektarteymi valin til að skila frumtillögum að hönnun nýbyggingar Landsbankans
- Landsbankinn hagnast um 16,8 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2017
- S&P hækkar lánshæfiseinkunn Landsbankans í BBB+/A-2 með stöðugum horfum
- Nýtt innlána- og greiðslukerfi Reiknistofu bankanna og Landsbankans innleitt
- Landsbankinn tilkynnir um skilyrt endurkaupatilboð
- Ný þjóðhagsspá Landsbankans kynnt
- Landsbankinn gefur út skuldabréf fyrir 300 milljón evrur
- Landsbankinn gerist aðili Nordic Financial CERT sem eru samstök norrænna fjármálafyrirtækja um aukið netöryggi
- Landsbankinn tekur þátt í stofnun samtaka um ábyrgar fjárfestingar

Landsbankinn þinn

Landsbankinn ætlar að vera til fyrirmyndar og hlutverk hans er að vera traustur samherji í fjármálum. Bankinn leggur áherslu á að skapa gagnkvæman ávinning og styrkja langtímasamband sitt við viðskiptavini.

Einstaklingar

Mælingar sýna aukna ánægju með þjónustu Landsbankans og markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði hefur aldrei mælst hærri. Aukin áhersla bankans á fjármálaráðgjöf hefur mælst vel fyrir.

Markaðshlutdeild Landsbankans á einstaklingsmarkaði árið 2017 var 37,9% og hefur aldrei mælst hærri. Mælingar sýna aukna ánægju með þjónustu bankans.

Einstaklingum sem kjósa að eiga viðskipti við Landsbankann hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og hefur bankinn nú verið með hæstu markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði fjögur ár í röð. Frá árinu 2008 hefur markaðshlutdeildin vaxið um tæplega 10 prósentustig.



Áfram mikil umsvif á íbúðalánamarkaði

Umsvif Landsbankans á íbúðalánamarkaði voru mikil á árinu 2017 eins og fyrri ár, þrátt fyrir mikla samkeppni. Alls lánaði Landsbankinn um 98 milljarða króna sem ný íbúðalán á árinu 2017. Um 74% nýrra íbúðalána voru verðtryggð lán og 26% óverðtryggð. Hlutfall óverðtryggðra lána jókst um 9 prósentustig á milli ára en þau voru 17% nýrra íbúðalána árið 2016.

Tvennt skýrir helst mikil umsvif bankans á fasteignalánamarkaði á árinu 2017. Annars vegar aukin fasteignaviðskipti og hækkun fasteignaverðs ásamt því að algengara er orðið að fólk endurfjármagni húsnæðislán sín. Hins vegar – og enn frekar – er skýringanna að leita í því að Landsbankinn leggur áherslu á að veita viðskiptavinum vandaða ráðgjöf og skjót og fagleg vinnu-



brögð við lánveitingar, þ.m.t. við greiðslumat. Markaðshlutdeild Landsbankans í nýjum íbúðalánum var 27% á árinu 2017 en var 28% árið 2016.

Landsbankinn lánar fyrir allt að 85% af kaupverði íbúðarhúsnæðis. Lánað er fyrir allt að 70% af kaupverði til allt að 40 ára og einnig er boðið upp á 15% viðbótarlán. Viðbótarlánið nýtist einkum þeim sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign, ekki síst ungu fólki.

Alls skráði bankinn hátt í 7.000 ný íbúðalán í bækur sínar á árinu 2017 og er þá bæði átt við ný lán og lán vegna endurfjármögnunar.

Íbúðalánavernd – ný tegund líftryggingar

Á árinu 2017 hóf Landsbankinn, í samvinnu við tryggingafélagið Sjóvá, að bjóða viðskiptavinum sem eru með íbúðalán hjá bankanum upp á íbúðalánavernd. Um er að ræða líftryggingu sem er ætlað að veita aðstandendum aukið fjárhagslegt öryggi við fráfall lántaka. Við fráfall lántaka eru greiddar bætur sem renna beint til lækkunar á íbúðaláninu. Þannig léttir tryggingin greiðslubyrði lánsins í samræmi við fjárhæð tryggingarinnar. Upphæð tryggingarinnar getur numið allt að 20 milljónum króna.

Innleiðing laga um fasteignalán

Á árinu 2017 tóku gildi ný lög um fasteignalán til neytenda. Markmið laganna er að tryggja neytendavernd við kynningu, ráðgjöf, veitingu og miðlun fasteignalána til neytenda. Jafnframt er markmið laganna að stuðla að ábyrgum lánveitingum og sporna við óhóflegri skuldsetningu neytenda.

Almennt séð hafa nýju lögin jákvæð áhrif á neytendur. Lögin kveða á um að lántökugjöld allra fasteignalána séu föst krónutala og þrengri skorður eru settar við uppgreiðslugjöldum lána með föstum vöxtum. Hvort tveggja ætti í flestum tilfellum að skila sér í lægri kostnaði fyrir neytendur og gera þeim kleift að endurfjármagna lán sín með lægri kostnaði en áður.

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans aðstoðar einstaklinga og fyrirtæki við að fjármagna kaup á nýjum og notuðum bifreiðum, mótorhjólum, ferðavögnum, vélum og tækjum.

Mikil umsvif í bíla- og tækjafjármögnun

Umsvif Landsbankans á bílalánamarkaði voru áfram mikil á árinu 2017. Alls lánaði bankinn um 8,5 milljarða króna til einstaklinga á árinu, sem er 15,3% aukning frá fyrra ári. Ný lán til fyrirtækja á bíla- og tækjalánamarkaði námu um 24,4 milljörðum króna á árinu 2017 sem er sambærilegt og 2016 en umsvif fyrirtækja í ferðaþjónustu eru þar mest áberandi.

Heildarútlánasafn Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans var um 48 ma.kr. í árslok 2017 samanborið við 42 ma.kr. í lok árs 2016. Aukning á milli ára nemur um 14,7%. Um þriðjungur voru lán til einstaklinga en tveir þriðju hlutar voru lán til fyrirtækja.

Heildarútlán hafa vaxið í takt við aukna sölu bifreiða á árinu 2017. Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu voru 21.287 fólksbílar nýskráðir á árinu 2017 sem er um 15% aukning frá 2016. Jafnframt jókst nýskráning notaðra fólksbifreiða umtalsvert en alls voru rúmlega 4.400 notaðar bifreiðar nýskráðar á Íslandi árið 2017.



Aukakrónur 10 ára og aldrei verið öflugri

Fríðindakerfi Landsbankans, Aukakrónur, er í mikilli sókn. Yfir 60 þúsund viðskiptavinir eru nú með kort tengt Aukakrónusöfnun og fjölgaði þeim um rúmlega 10 þúsund frá árinu 2016. Á árinu 2017 söfnuðu viðskiptavinir Landsbankans samtals yfir 326 milljónum Aukakróna. Korthafar sem tengja kreditkort við Aukakrónusöfnun fá greiddar Aukakrónur, annars vegar sem hlutfall



af innlendri veltu og hins vegar í formi endurgreiðsluafsláttar frá samstarfsaðilum.

Kannanir sýna að þeir sem nýta sér Aukakrónusöfnun eru ánægðari með þjónustu bankans en aðrir og tryggari viðskiptavinir.

Mikill fjöldi fyrirtækja kom inn í Aukakrónusamstarfið á árinu en samtals bættust 77 fjölbreyttar verslanir og þjónustufyrirtæki í hóp samstarfsaðila. Nú er hægt að safna og nota Aukakrónur hjá yfir 260 samstarfsaðilum um allt land. Notkun Aukakróna hefur aldrei verið meiri en samtals keyptu viðskiptavinir vörur og þjónustu hjá samstarfsaðilum fyrir tæplega 268 milljónir Aukakróna árið 2017.

Nýtt snertilaust kreditkort

Á seinni helmingi ársins 2017 hóf Landsbankinn að gefa út ný VISA-kreditkort með snertilausri virkni. Með snertilausum kreditkortum er hægt að að greiða fjárhæðir undir 5.000 krónum með því að bera kortið að posa í stað þess að stinga því í posann og slá inn PIN-númer. Af og til er korthafi þó beðinn um stinga kortinu í posa og slá inn PIN þegar hann reynir greiðslu með snertilausum hætti og er það gert til að auka öryggi viðskiptavina.

Viðskiptavinir ánægðir með 360° ráðgjöf

Árið 2015 hóf Landsbankinn að bjóða viðskiptavinum upp á 360° ráðgjöf. Um er að ræða heildstæða fjármálaráðgjöf sem tekur á öllum helstu þáttum fjármála einstaklinga; sparnaði, lánum, tryggingum og fleiru.

Viðskiptavinir hafa frá upphafi tekið ráðgjöfinni mjög. Á árinu 2017 fengu 7.402 viðskiptavinir 360° ráðgjöf en frá árinu 2015 hafa alls um 20.500 viðskiptavinir þegið ráðgjöfina.

Í kjölfar viðtals við ráðgjafa sendir Landsbankinn viðskiptavinum netkönnun þar sem m.a. er spurt um ánægju með ráðgjöfina.

Niðurstöður sýna að ánægja viðskiptavina hefur farið stöðugt vaxandi og var 4,5 af 5 mögulegum árið 2017. Mælingar sýna einnig að viðskiptavinir sem hafa fengið 360° ráðgjöf eru ánægðari en aðrir viðskiptavinir Landsbankans.

Ánægja með þjónustu útibúa

Viðskiptavinir Landsbankans eru mjög ánægðir með þjónustu útibúa. Í Gallup-könnun í nóvember 2017 sögðust 98% viðskiptavina vera ánægðir með þjónustuna. Þar af sögðust 91% vera mjög eða fullkomlega ánægðir og 7% frekar ánægðir.

Fyrirtæki

Landsbankinn hefur alla tíð stutt við fjölbreytta starfsemi fyrirtækja um allt land. Þessi áhersla hefur skilað sér í mjög sterkri stöðu á fyrirtækjamarkaði.

Landsbankinn hefur alla tíð stutt við fjölbreytta starfsemi fyrirtækja um allt land. Þessi áhersla hefur skilað sér í mjög sterkri stöðu á fyrirtækjamarkaði.

Efnahagsástandið hér á landi var á flesta mælikvarða mjög gott árið 2017. Hagvaxtarskeiðið var á sínu sjöunda ári og var hagvöxtur ársins öflugur. Efnahagsreikningar fyrirtækja voru að jafnaði sterkir og það skapaði svigrúm til athafna. Landsbankinn lagði sitt lóð á vogarskálarnar og vann markvisst eftir þeirri stefnu að bankinn sé traustur samherji viðskiptavina sinna sem veitir þeim framúrskarandi þjónustu.

Traust og öflug fyrirtækjaþjónusta

Hlutdeild bankans á fyrirtækjamarkaði hefur vaxið undanfarin ár og var 34,8% í árslok 2017, en var 33,4% í árslok 2016, samkvæmt markaðsrannsókn Gallup.

Útlánavöxtur til fyrirtækja var hóflegur hjá Landsbankanum á árinu. Hlutdeild Landsbankans í útlánum til fyrirtækja er sem fyrr mest meðal stóru bankanna þriggja, eða 40%. Lánasafn Landsbankans til fyrirtækja í mannvirkjageiranum hefur vaxið hvað mest en einnig hefur verið vöxtur í útlánum til verslunar og þjónustu. Staða sjávarútvegsfyrirtækja er almennt mjög góð og hafa skuldir greinarinnar farið lækkandi.







Kraftmikill samherji atvinnulífsins

Stefna Landsbankans er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum um allt land fyrirmyndarþjónustu. Sífellt stærri hluti af þjónustunni er veittur með rafrænum hætti og á árinu 2017 voru ýmsar nýjungar kynntar til leiks í netbanka fyrirtækja.

Kraftmikill samherji atvinnulífsins

Stefna Landsbankans er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum um allt land fyrirmyndarþjónustu. Sífellt stærri hluti af þjónustunni er veittur með rafrænum hætti og á árinu 2017 voru ýmsar nýjungar kynntar til leiks í netbanka fyrirtækja.

Minni og meðalstór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu geta sótt alla þjónustu í Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans í Borgartúni 33. Viðskiptavinir hafa verið mjög ánægðir með þjónustu og ráðgjöf sem þar býðst en þjónustukönnun Gallup sýndi að 91,3% viðskiptavina Fyrirtækjamiðstöðvarinnar voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna.

Landsbankinn leggur sömuleiðis mikla áherslu á þjónustu við fyrirtæki á landsbyggðinni og kannanir Gallup sýna að Landsbankinn hefur þar mesta markaðshlutdeild af stóru bönkunum þremur.

Aukin þjónusta við minni og meðalstór fyrirtæki

Landsbankinn leitar stöðugt leiða til að veita viðskiptavinum betri þjónustu, sýna frumkvæði og veita fyrirtækjum í viðskiptum viðeigandi sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Bankinn hefur frá árinu 2015 boðið einstaklingum upp á heildstæða fjármálaráðgjöf undir merkjum 360° ráðgjafar. Haustið 2017 hóf bankinn að bjóða völdum minni og meðalstórum fyrirtækjum í 360° samtal. Eigendum fyrirtækja er boðið í samtal þar sem farið er með heildstæðum hætti yfir alla fjármálaþætti í rekstri félagsins, svo sem fjármögnun, ávöxtun, rafrænar lausnir og undirbúning fyrir framtíðina. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og ljóst að þessi samtöl efla þjónustu við fyrirtæki og eykur ánægju þeirra með viðskiptasambandið við bankann.

Sterk staða í mannvirkjafjármögnun

Landsbankinn hefur um árabil verið leiðandi í mannvirkjafjármögnun. Bankinn hefur á liðnum

árum verið umfangsmestur í fjármögnun nýrra íbúða og nýrra hótelbygginga. Mikil eftirspurn er eftir íbúðarhúsnæði og bankinn lítur því á það sem hluta af samfélagsábyrgð sinni að styðja við bakið á verktökum sem standa fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis.

Stærri verkefni á þessu sviði, sem bankinn fjármagnar, voru 93 talsins um síðustu áramót á vegum 60 verktakafyrirtækja. Verkefnin skiptust þannig að hótelverkefni voru fjögur talsins og atvinnuhúsaverkefni jafn mörg. Verkefni sem sneru að byggingu nýs íbúðarhúsnæðis voru langsamlega fyrirferðarmest en alls voru 85 slík verkefni, sem fjármögnuð eru af Landsbankanum, í gangi um sl. áramót.

Umrædd verkefni snúa að byggingu á 2.880 íbúðum og munu þær allar koma inn á fasteignamarkað á árunum 2018 og 2019. Stærsti hluti íbúðanna er á höfuðborgarsvæðinu en jafnframt voru stærri verkefni á þessu sviði á Selfossi, Akranesi og í Reykjanesbæ.

Öflugur samherji ferðaþjónustunnar

Landsbankinn hefur lagt mikla áherslu á fjármögnun ferðaþjónustufyrirtækja á liðnum árum, m.a. með fjármögnun nýrra hótela. Það er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að ferðaþjónusta er nú stærsta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein í landinu. Þrjú þeirra hótela bankinn fjármagnar nú eru á höfuðborgarsvæðinu og eitt utan þess. Samfelld fjölgun erlendra ferðamanna hefur leitt til þess að skortur er á gistirými, sér í lagi yfir sumarmánuðina. Því hefur bankinn verið áhugasamur um að sinna góðum uppbyggingarverkefnum á því sviði og hefur þar leiðandi stöðu. Sama á við um aðrar greinar ferðaþjónustu, s.s. hópferðafyrirtæki, bílaleigur auk þess sem mikill vöxtur hefur verið í lánum bankans til afþreyingarfyrirtækja. Þá hefur ITF I, sem er sérhæfður ferðaþjónustusjóður í umsjá Landsbréfa, lagt hlutafé í mörg spennandi fyrirtæki á þessu sviði.

Landsbankinn hefur fullan hug á að halda leiðandi stöðu sinni í mannvirkjafjármögnun, bæði í byggingu nýs íbúðarhúsnæðis og í áframhaldandi uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu. Bankinn sér fram á að takast á við ný og spennandi verkefni á

þessum sviðum á næstu misserum.

Öflugur bakhjarl fyrirtækja til sjávar og sveita

Sjávarútvegur og landbúnaður voru lengi vel burðarstoðir íslensks atvinnulífs. Á síðustu árum hefur mikil nýsköpun, þróun og framfarir endurspeglast í mikilli uppbyggingu og endurnýjun innan greinanna. Landsbankinn hefur tekið virkan þátt í þessu ferli og stutt stór verkefni í sveitum og fjörðum landsins. Staða flestra sjávarútvegsfyrirtækja er góð, skuldastaða þeirra hefur lækkað á sama tíma og talsverð endurnýjun og uppbygging hefur verið að eiga sér stað.

Aukin áhersla á fyrirtæki í verslun og þjónustu

Umsvif Landsbankans í viðskiptum við fyrirtæki í verslun og þjónustu jukust talsvert á árinu 2017. Fjölmörg ný fyrirtæki í þessum geira, stór sem smá, bættust í hóp viðskiptavina bankans. Það ber orðspor bankans hérlendis sem erlendis gott vitni að stór alþjóðleg fyrirtæki sem hófu starfsemi á landinu á sviði verslunar og þjónustu hafa valið Landsbankann sem sinn aðalviðskiptabanka hérlendis. Útlán bankans til fyrirtækja í verslun og þjónustu jukust á árinu sem rennir styrkari stoðum undir vel dreift lánasafn bankans til fyrirtækja.



Markaðir

Umfang eignastýringar Landsbankans jókst á árinu 2017 og í árslok voru heildareignir í stýringu hjá samstæðu Landsbankans 416 milljarðar króna. Bankinn var með mestu hlutdeild á skuldabréfamarkaði í Kauphöll og með næstmestu hlutdeild á hlutabréfamarkaði.

Líkt og undanfarin ár jókst umfang eignastýringar Landsbankans. Í árslok 2017 voru heildareignir í stýringu hjá samstæðu Landsbankans 417 milljarðar króna.

Leiðandi í kauphallarviðskiptum

Landsbankinn var með mestu hlutdeild á skuldabréfamarkaði í Kauphöll á árinu 2017, eða 17,9%. Þá var bankinn með næstmestu hlutdeild á hlutabréfamarkaði, eða 20,3%. Samkeppnin er hörð þar sem kauphallaraðilar eru samtals níu og því ljóst að bankinn er leiðandi á þessu sviði.

Hjá Mörkuðum Landsbankans er sífellt unnið að því að auka þjónustuframboð. Á árinu voru stofnaðir þrír nýir sjóðir; Eignadreifing Virði, Eignadreifing Vöxtur og Eignadreifing Langtíma. Sjóðirnir eru fjárfestingarsjóðir með virka eignastýringu.

Þeir henta viðskiptavinum sem vilja fjárfesta í vel dreifðu og blönduðu eignasafni sjóða sem samanstanda af innlánum, skuldabréfum og hlutabréfum.

Gjaldeyrismarkaður

Miklar breytingar urðu á gjaldeyrismarkaði með afnámi hafta. Aðgangur fyrirtækja að áhættuvörnum jókst og jafnframt hætti Seðlabankinn reglulegum viðskiptum á markaði. Velta á millibankamarkaði dróst saman á

> Landsbankinn býður upp á breitt vöruframboð í erlendum fjárfestingum og er þannig með aðgang að öllum helstu mörkuðum heims.

milli ára enda var Seðlabankinn fyrirferðamikill á markaði. Gjaldeyrisviðskipti einstaklinga og fyrirtækja hafa aukist mikið með nýfengnu frelsi og jafnframt eru áskoranir framundan með auknu flökti. Landsbankinn er leiðandi á gjaldeyrismarkaði og ráðgjöf vegna áhættuvarna.

Aðgangur að öllum helstu mörkuðum heims

Eftir afnám gjaldeyrishafta hefur eftirspurn eftir fjárfestingu erlendis aukist töluvert. Landsbankinn býður upp á breitt vöruframboð í erlendum fjárfestingum og er þannig með aðgang að öllum helstu mörkuðum heims. Bankinn er með samstarf við þekkt erlend sjóðafyrirtæki á borð við Alliance-Bernstein, BlackRock, Carnegie Funds, T. Rowe Price Funds, UBS og Axa Investment og síðan rekur Landsbréf hf., dótturfélag bankans, sjóði sem fjárfesta erlendis.

Landsbankinn býður upp á breitt vöruúrval í lífeyrissparnaði og er, með um 23% markaðshlutdeild í viðbótarlífeyrissparnaði, leiðandi á markaði.

Um 23% markaðshlutdeild í lífeyrissparnaði

Landsbankinn býður upp á breitt vöruúrval í lífeyrissparnaði og er, með um 23% markaðshlutdeild í viðbótarlífeyrissparnaði, leiðandi á markaði. Landsbankinn sér um rekstur Íslenska lífeyrissjóðsins og hefur hlutdeild sjóðsins í viðbótarlífeyrissparnaði vaxið hratt þrátt fyrir harða samkeppni.

Ásamt því að bjóða upp á fjórar ávöxtunarleiðir með Íslenska lífeyrissjóðnum býður Landsbankinn einnig upp á Lífeyrisbók, sem eru verðtryggðir og

óverðtryggðir innlánsreikningar, Fjárvörslureikning, sem er safn erlendra verðbréfa, ásamt því að Landsbankinn sér einnig um rekstur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.

Viðskiptavinum sem greiða í lífeyrissjóði sem eru í rekstri hjá Landsbankanum eða greiða í Lífeyrisbók fjölgaði um rúmlega 53% á milli áranna 2013 og 2017 eða úr um 19.300 í um 29.600.

Ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins hefur verið góð á síðustu árum. Meðalnafnávöxtun á ári í Líf 1 hjá Íslenska lífeyrissjóðnum var um 7,8% sl. fimm ár og 8,5% sl. fimmtán ár.

Starfsmenn bankans sjá alfarið um ráðgjöf og sölu á sviði lífeyrismála þar sem mikil áhersla er lögð á góða þjónustu og vandaða ráðgjöf.

Áhersla á ábyrgar fjárfestingar

Árið 2017 stóð Landsbankinn fyrir stofnun samtaka um ábyrgar fjárfestingar. Samtökin fengu nafnið IcelandSIF. Tilgangur þeirra er að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga. Ásamt Landsbankanum tóku 22 fyrirtæki þátt í stofnun samtakanna. Stofnaðilar samtakanna eru fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingafélög sem fjárfesta fyrir eigin reikning eða í umboði þriðja aðila með starfsemi á Íslandi.

Þróun í bankastarfsemi

Tækniþróun hefur haft mikil áhrif á bankaþjónustu og á næstu árum má búast við enn meiri breytingum, m.a. þegar nýjar Evrópureglur um persónuvernd og greiðsluþjónustu taka gildi. Landsbankinn tekur fullan þátt í þessari þróun og leggur sem fyrr áherslu á að veita vandaða og trausta fjármálaþjónustu.

Á árinu 2017 tók Landsbankinn í notkun nýtt innlána- og greiðslukerfi, innleiddi ýmsar nýjungar í net- og farsímabönkum einstaklinga og fyrirtækja og haldið var áfram að bæta aðgengi að sjálfsafgreiðslulausnum í útibúum bankans.

Landsbankinn tekur nýtt innlána- og greiðslukerfi í notkun

Nýja innlána- og greiðslukerfið sem Landsbankinn tók í notkun í nóvember 2017 leysti af hólmi mörg eldri tölvukerfi bankans og Reiknistofu bankanna (RB). Í stað eldri kerfa, sem sum voru allt að 40 ára gömul, var nýtt kerfi frá hugbúnaðarfyrirtækinu Sopra Banking Software tekið í notkun.

Verkefnið var afar umfangsmikið og telst til stærri hugbúnaðarverkefna sem ráðist hefur verið í hér á landi. Íslenskt fjármálakerfi býr við rauntímagreiðslumiðlun sem hefur m.a. þá kosti að færslur í kerfinu skila sér hratt og hægt er að framkvæma millifærslur án tafar. Víðast hvar annarsstaðar í heiminum tekur 1-5 daga fyrir greiðslur að berast á milli reikninga. Í slíku umhverfi er mun auðveldara að skipta út greiðslukerfum en hér á landi. Innleiðing Sopra-kerfisins var sú fyrsta sem gerð er í rauntíma. Þótt innleiðingin hafi gengið mjög vel urðu nokkrar truflanir á þjónustu en viðskiptavinir bankans tóku röskunum af mikilli þolinmæði og skilningi. Hið sama má segja um samstarfsaðila bankans og starfsfólk annarra banka en uppfærslan



hafði áhrif á allt greiðslukerfi landsins.

Nýja kerfið frá Sopra einfaldar og uppfærir tækniumhverfi bankans og er ódýrara í rekstri og sveigjanlegra en eldri kerfi. Auðveldara og einfaldara verður að bjóða upp á nýjungar. Þróun nýrra afurða mun taka mun skemmri tíma en hægt er að þróa nýjar fjármálaafurðir í nýju kerfunum án þess að það kalli alltaf á sérstaka forritunarvinnu tæknimanna. Á fyrirtækjamarkaði munu nýju grunnkerfin opna möguleika á að sérsníða þjónustu mun betur að þörfum viðskiptavina. Með Sopra-kerfinu aukast einnig möguleikar á samnýtingu hugbúnaðarlausna í fjármálakerfinu.

Þótt nýja kerfið hafi verið tekið í notkun er vinnu við innleiðingu þess ekki lokið. Á næstu misserum og árum verður unnið að því að hagnýta þá möguleika sem kerfið bíður upp á, viðskiptavinum og bankanum til hagsbóta.

Nýjungar í netbanka einstaklinga og fyrirtækja

Meðal nýjunga sem voru kynntar í netbanka einstaklinga á árinu 2017 er að viðskiptavinir geta nú sjálfir skipt greiðslukortareikningum sínum með einföldum hætti. Sjálfsafgreiðslan byggir á niðurstöðum sjálfvirks lánshæfismats sem gefur til kynna hvort viðskiptavinur hafi heimild til að framkvæma greiðsludreifingu í netbanka. Þessi möguleiki hlaut strax góðar viðtökur sem staðfestir enn á ný að viðskiptavinir kalla í auknum mæli eftir sjálfsafgreiðslumöguleikum.

Önnur nýjung af svipuðum toga var kynnt árið 2016, þ.e. að viðskiptavinir Landsbankans, sem eru lánshæfir, geta sótt um og breytt yfirdráttarheimild í netbanka einstaklinga. Þessi þjónusta var mikið notuð á árinu 2017 og í árslok var um helmingur yfirdráttarheimilda stofnaðar í net- eða farsímabönkum Landsbankans.

Á árinu 2017 kynnti bankinn rafræna lausn við undirritun umboðs til öflunar fjárhagsupplýsinga. Með henni geta viðskiptavinir undirritað umboðið með rafrænum skilríkjum og þannig dregið úr fyrirhöfn við framkvæmd greiðslumats. Fljótlega munu viðskiptavinir sjálfir geta lokið við greiðslumat á vefnum, alfarið í sjálfsafgreiðslu.

Á árinu 2018 mun Landsbankinn kynna enn frekari nýjungar á sviði stafrænnar þjónustu og fleiri þjónustuþættir verða gerðir aðgengilegir með sjálfsafgreiðslulausnum.

Mikil aukning í innskráningu í farsímabanka

Notkun á netbanka einstaklinga og farsímabankanum, L.is, hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og árið 2017 var þar engin undantekning. Á árinu fjölgaði viðskiptavinum sem notuðu netbanka einstaklinga daglega um 7,7%. Heimsóknum í farsímabankann, L.is, fjölgaði þó enn meira, eða um 23%. Á síðustu árum hafa sífellt fleiri notað farsímabankann til að sinna bankaviðskiptum og vænta má enn frekari aukningar á komandi misserum með útgáfu á appi fyrir farsímabankann.

Aukinn hraði og sveigjanlegri aðgangsstýring í netbanka fyrirtækja

Árið 2017 varð mjög mikil aukning í notkun á netbanka fyrirtækja. Notendur hafa aldrei verið fleiri og og meðalnotkun var meiri en áður. Margar nýjungar litu dagsins ljós, allt frá



þýðingarmikilli hraðaaukningu (fyrir launagreiðendur og kröfugreiðendur) yfir í sveigjanlegri aðgangsstýringar og þægilegra innskráningarferli.

Kaup og sala verðbréfa á netinu

Á vordögum var gefin út ný útgáfa netbanka fyrirtækja sem jók mjög möguleika á aðgerðum sem tengjast verðbréfaviðskiptum. Viðskipti með hlutabréf og sjóði hafa aldrei verið einfaldari. Kauptilboð eru send í aðeins þremur skrefum og hið sama gildir um söluferlið. Í netbankanum er nú hægt að eiga viðskipti með stök hlutabréf og sjóði, hvar og hvenær sem er, fylgjast með framgangi viðskiptanna, fá yfirlit yfir verðbréfaeign, viðskiptasögu og yfirsýn yfir þróun markaða. Það hefur ýmsa kosti að geta skoðað verðbréfaeign og viðskiptasögu félaga í netbankanum, ekki síst að það er ódýrara fyrir viðskiptavini.

Farsímabanki Landsbankans var valinn besta vefappið árið 2016 af dómnefnd Íslensku vefverðlaunanna en verðlaunin voru afhent 27. janúar 2017.

Nánar um farsímabankann



Breytt og bætt lánayfirlit

Framsetning lánayfirlita var sömuleiðis stórbætt. Lánasamningum (lánalínum) er nú í fyrsta sinn gerð sérstök skil. Nú sjást allar mikilvægar upplýsingar um ádrætti, hve mikið er til ráðstöfunar innan samningsrammans, upplýsingar um leggi lánasamninga og margt fleira. Skoða má lánasafnið bæði í upprunalegri mynt og einnig umreiknað í íslenskar krónur þegar við á. Breytingarnar eru fyrsti áfanginn í stærra verkefni sem snýst um að veita aðgengilegra og yfirgripsmeira lánayfirlit.

Öryggi í netbanka fyrirtækja var aukið með því að innleiða RSA-öryggiskerfið en það er einnig í notkun í netbanka einstaklinga. Öryggiskerfið lærir að þekkja hegðun og aðstæður hvers viðskiptavinar og fylgist með frávikum frá venjubundinni notkun. Að öllu jöfnu finna viðskiptavinir ekki fyrir kerfinu en það bregst við ef frávik verða.

Aðili að norrænu samstarf um netöryggi

Glæpa- og svikastarfsemi á netinu hefur færst í aukana og netglæpir verða sífellt þróaðri. Í dagsins önn er það snerpa bankans sem öllu máli skiptir, að geta brugðist hratt við tilraunum til svika og annarri yfirvofandi ógn.

Í nóvember gekk Landsbankinn í samtökin Nordic Financial CERT sem eru samtök norrænna fjármálafyrirtækja sem er ætlað að efla netöryggi og verjast glæpastarfsemi á netinu. Þrír norrænir bankar stofnuðu Nordic Financial

CERT í apríl 2017; Nordea í Svíþjóð, DnB í Noregi og Danske Bank í Danmörku. Síðan þá hefur fjöldi banka og tryggingafélaga bæst í hópinn, þar á meðal frá Finnlandi og í nóvember gekk Landsbankinn í samtökin, fyrstur íslenskra fjármálafyrirtækja. Fyrirtæki sem eru aðilar að samtökunum skiptast á viðeigandi upplýsingum um hvers kyns tilraunir til fjársvika á netinu og varnir gegn þeim.

Nánar er fjallað um netöryggismál í umfjöllun um samfélagsábyrgð í ársskýrslunni.

Nýjar gerðir hraðbanka og aukin notkun

Landsbankinn rekur sem fyrr víðfeðmasta hraðbankanetið á Íslandi. Í árslok 2017 rak bankinn 80 hraðbanka á 73 stöðum víða um land.

Landsbankinn hefur undanfarin ár fjölgað hraðbönkum af nýrri kynslóð en í þeim er bæði hægt að taka út og leggja inn reiðufé. Um áramót voru 17 slíkir hraðbankar í rekstri á níu stöðum. Á haustmánuðum 2017 tók bankinn í notkun gjaldeyrishraðbanka í öllum útibúum á höfuðborgarsvæðinu. Gjaldeyrishraðbankarnir eru aðgengilegir á afgreiðslutíma útibúanna og hafa viðtökurnar verið góðar. Hægt er að taka út evrur, Bandaríkjadali, sterlingspund og danskar krónur.

Samhliða fjölgun innlagnarhraðbanka og nýjum gjaldeyrishraðbönkum hefur notkun hraðbanka aukist töluvert. Heildarvelta í sjálfsafgreiðslutækjum jókst um tæplega 5% á milli áranna 2016 og 2017. Hefðbundnar reiðufjárúttektir hafa dregist eilítið

saman en önnur þjónusta, svo sem innlagnir á reiðfé, hefur verulega sótt í sig veðrið.

Betri bankaviðskipti í útibúum

Á árinu 2017 voru gerðar breytingar á útibúum bankans í Borgartúni og Austurstræti í Reykjavík. Það sem helst einkennir breytingar í útibúunum er að hraðbönkum, nettengdum tölvum og öðrum sjálfsafgreiðslulausnum er fjölgað verulega. Í tengslum við breytingarnar fær starfsfólk þjálfun í að taka á móti viðskiptavinum og bjóða þeim aðstoð eða kennslu við að nýta sér lausnirnar. Kostirnir eru ótvíræðir; viðskiptavinir spara sér tíma og fyrirhöfn, álag í útibúunum minnkar og bið eftir þjónustu styttist.

Reynslan af þessu verkefni hefur verið góð. Um það bil helmingur viðskiptavina sem áður sótti í útibú vegna einfaldari afgreiðslu, annast hana nú sjálfir í sjálfsafgreiðslu eða hafa virkjað möguleika til sjálfvirkni, t.d. með sjálfvirkri skuldfærslu.

Hlutverk útibúa hefur verið að breytast, frá því að sinna að stærstum hluta afgreiðslu á erindum sem viðskiptavinir geta nú sjálfir leyst í netbanka eða hraðbanka, yfir í að verða miðstöðvar fyrir fjármálaráðgjöf. Á árinu 2017 fengu um 7.200 viðskiptavinir Landsbankans svonefnda 360° fjármálaráðgjöf, sem er heildstæð ráðgjöf sem tekur á öllum hliðum fjármála. Nánar er fjallað um 360° ráðgjöf í kaflanum um starfsemi Einstaklingssviðs.

Breytingar á útibúaneti

Í árslok 2014 rak Landsbankinn 32 útibú og afgreiðslur. Eftir sameiningu Landsbankans og Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Norðurlands árið 2015 fjölgaði útibúum og afgreiðslum bankans og eru þau nú 37. Landsbankinn rekur sem fyrr langvíðfeðmasta útibúanet íslenskra banka.

Í ársbyrjun 2017 var útibúinu í Þorlákshöfn breytt í afgreiðslu sem heyrir undir útibúið á Selfossi. Þessi breyting var gerð í hagræðingarskyni og hefur lítil sem engin áhrif á viðskiptavini



bankans eða þá þjónustu sem er í boði.

Umfangsmiklar breytingar á persónuverndarlöggjöf

Í maí 2018 tekur gildi ný og umfangsmikil persónuverndarlöggjöf í Evrópu. Með nýju löggjöfinni eru réttindi einstaklinga efld til muna og lagðar auknar skyldur á fyrirtæki sem vinna með persónuupplýsingar. Landsbankinn hóf undirbúning við innleiðingu á löggjöfinni í ársbyrjun 2017. Á árinu var unnið að því að greina nýjar kröfur við vinnslu persónuupplýsinga og safna upplýsingum um alla vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað í bankanum. Þá er unnið að lausnum til að geta afgreitt beiðnir viðskiptavina sem snúa að afritun á gögnum þeirra og um að flytja gögn þeirra til þriðja aðila að ósk viðskiptavina.

Landsbankinn hefur skipaði sérstakan persónuverndarfulltrúa, fyrstur íslenskra fyrirtækja. Meginhlutverk persónuverndarfulltrúa er að stýra, vakta og meta frammistöðu Landsbankans á sviði persónuverndar, annast fræðslu og vera tengiliður vegna mála sem tengjast vinnslu á persónuupplýsingum.

Ný tilskipun um greiðsluþjónustu

Ný tilskipun Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu, sem nefnist PSD2, mun valda miklum breytingum á fjármálamarkaði. Tilskipunin tekur gildi í áföngum á árunum 2018 og 2019. Landsbankinn gerir ráð fyrir að tilskipunin muni auka samkeppni og hækka þjónustustig í greiðsluþjónustu og tengdum þjónustuþáttum. Á árinu 2017 var unnið að því að undirbúa bankann fyrir gildistökuna og sú vinna heldur áfram. Bankinn lítur svo á að PSD2-tilskipunin muni gefa bankanum tækifæri til að þróa fjármálaþjónustu enn frekar og þannig bjóða viðskiptavinum sínum enn betri vörur og þjónustu. Eftir gildistökuna munu viðskiptavinir geta veitt leyfi til að fyrirtæki, t.d. svokölluð fjártæknifyrirtæki, fái aðgang að innlánsreikningum sínum, t.d. til að framkvæma greiðslur af þeim. Tilskipunin opnar auk þess markaðssvæði Evrópu, þannig að viðskiptavinir geta valið hvar þeir stunda sín bankaviðskipti, hérlendis eða í Evrópu. Þetta er mikil breyting, bæði fyrir banka og viðskiptavini. Það er ljóst að PSD2-tilskipunin mun auka samkeppni en staða Landsbankans á markaðnum er traust og bankinn er vel í stakk búinn til að takast á við nýtt landslag í greiðsluþjónustu.

Mannauður og samfélag

Landsbankinn leggur áherslu á að tryggja launajafnrétti og jöfn starfstækifæri. Samfélagsstefna bankans miðar að því að stuðla að sjálfbærni, að bankinn sé hreyfiafl og starfi í samræmi við ábyrga stjórnarhætti.

Mannauður

Landsbankinn vill vera eftirsóttur vinnustaður þar sem metnaður, frumkvæði og hæfileikar starfsfólks fá notið sín. Á árinu 2017 mældist mikil starfsánægja innan bankans og hún jókst á milli ára.

Það er stefna Landsbankans að hjá bankanum starfi hæft, metnaðarfullt og ánægt starfsfólk. Á árinu 2017 var markvisst unnið að því að bæta fræðslustarfið enn frekar og skapa lærdómsmenningu sem leggur áherslu á að starfsfólk taki ábyrgð á eigin þekkingu og miðli henni til samstarfsmanna.

Mannauðsstefna Landsbankans endurspeglar þá áherslu sem bankinn leggur á gott starfsumhverfi þar sem starfsánægja og öflug þekkingarmiðlun er í fyrirrúmi. Jöfn starfstækifæri og launajafnrétti eru Landsbankanum mikilvæg en bankinn hefur í tvígang hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og vinnur nú að jafnlaunavottun.

Jafnréttismál

Í Landsbankanum er lögð áhersla á að tryggja launajafnrétti og jöfn starfstækifæri. Bankinn hefur það að markmiði að hlutur hvors kyns um sig í forystusveit bankans verði aldrei minni en 40%. Landsbankinn var fyrstur banka á Íslandi til að hljóta gullmerki jafnlaunaúttektar PwC árið 2015 og svo aftur 2016. Á árinu 2017 samþykkti Alþingi lög um jafnlaunavottun sem tóku gildi 1. janúar 2018. Undirbúningur vottunarferlis stendur yfir og miðar sú vinna að því að Landsbankinn öðlist vottunina á árinu 2018.

Jafnréttisstefna Landsbankans og aðgerðaáætlun stefnunnar er til skoðunar og endurmats,





meðal annars með hliðsjón af þeirri vitundarvakningu sem frásagnir #metoo hafa komið til leiðar.

Landsbankinn hefur unnið markvisst að jafnréttismálum í gegnum tíðina og birt eigin greiningar um laun kynjanna. Það er skýrt í starfsemi bankans að karlar og konur skuli hafa jafna möguleika til starfsframa, njóta sömu réttinda í starfi og að konum og körlum skuli greidd sömu laun fyrir jafn verðmæt störf. Þá líðast hvorki einelti, fordómar né kynbundin eða kynferðisleg áreitni í bankanum.

Fyrirtækjamenning

Hjá Landsbankanum er markvisst unnið að því að styðja fyrirtækjamenningu þar sem viðskiptavinir eru í fyrirrúmi, samstarf er öflugt, framfarir stöðugar og allir starfsmenn taka ábyrgð á árangri. Öflugir og sterkir stjórnendur gegna lykilhlutverki í þessari framtíðarsýn, bæði sem virkir þátttakendur og sem fyrirmyndir.

Hluti af innleiðingu fyrirtækjamenningar er skilgreining á hlutverki stjórnenda. Stjórnendalíkan Landsbankans tilgreinir til hvers er ætlast af stjórnendum. Þeir þurfa að hafa persónulegan styrk, byggja öfluga liðsheild, taka ábyrgð á árangri sinna starfsmanna og stöðugt þarf að huga að stefnu og sýn Landsbankans til þess að tryggja áframhaldandi framfarir.

Unnið er eftir aðferðafræði árangursstjórnunar með skýra áherslu á markmiðasetningu starfseininga og starfsmanna,





eftirfylgni markmiða og mat á því hvernig árangur eininga hefur áhrif á heildarmarkmið bankans. Til að fylgja eftir markmiðasetningu einstaklinga er notað frammistöðumatskerfi sem byggir á árlegu frammistöðusamtali milli starfsmanns og yfirmanns.

Breytingar voru gerðar á frammistöðusamtölum þannig að þeim fjölgar og hvert samtal er styttra, en þó með ólíka áherslupunkta í hvert sinn. Þungamiðja samtalsins verður þó áfram markmiðasetning þar sem línurnar eru lagðar fyrir næstu mánuði.

Workplace tekið í notkun

Á árinu var innleiddur samfélagsvefurinn Workplace sem leysti af hólmi innra net bankans sem aðal upplýsingaveitu starfsmanna og gefur öllum starfsmönnum kost á að miðla þeim upplýsingum sem þurfa þykir, hvort sem er til allra starfsmanna eða skilgreindra hópa. Innleiðing gekk vel og hafa móttökur verið mjög jákvæðar. Mælingar sýna að virkni starfsmanna er mikil, um 75% starfsmanna fylgist með daglega og nærri allir starfsmenn a.m.k. einu sinni í viku.

Aukin starfsánægja: Vinnustaðagreining og bankapúlsinn

Á fyrsta fjórðungi hvers árs framkvæmir Landsbankinn ítarlega vinnustaðagreiningu og aðra umfangsminni á haustin. Sú síðarnefnda kallast bankapúlsinn en markmið bankapúlsins er að fylgja eftir þeim umbótamarkmiðum sem sett eru í kjölfar vinnustaðagreiningarinnar. Saman gefa þessar kannanir mikilvægar vísbendingar um viðhorf starfsmanna til vinnustaðar síns og starfsánægju. Niðurstöður bankapúlsins, sem birtar voru í október 2017, sýna að starfsánægja innan bankans er mikil og hefur aukist.

Framtíð starfa

Ljóst er að miklar áskoranir eru framundan í rekstri fjármálafyrirtækja og oft er vísað í fjórðu iðnbyltinguna í því samhengi.

Þær miklu áskoranir og breytingar sem framundan eru kalla einnig á endurskoðun á högun mannauðsmála innan fjármálafyrirtækja. Störf framtíðarinnar munu ekki endilega krefjast sömu hæfni og getu og störf dagsins í dag gera og því þarf að huga að þróun mannauðsins til framtíðar og tryggja að Landsbankinn hafi ávallt rétt starfsfólk á réttum stað.

Öflugt fræðslustarf

Það er stefna Landsbankans að hjá bankanum starfi hæft, metnaðarfullt og ánægt starfsfólk. Í



Þátttaka starfsfólks í símenntun árið 2017



Fræðslustarf í tölum

3.300	Þátttakendur í fræðsluviðburðum hjá Landsbankanum á árinu 2017 voru 3.300 talsins.
170	Boðið var upp á 170 fræðsluviðburði hjá Landsbankanum á árinu 2017.
84%	84% starfsmanna bankans sótti sér einhverja starfstengda símenntun árið 2017.
10,5	Meðalfjöldi fræðslustunda á hvert stöðugildi á árinu var 10,5 klukkustundir.
3	Hver starfsmaður bankans sótti að meðaltali 3 viðburði í fræðsludagskránni.

Það sem einkennir slíkt umhverfi:

- Skýrar þekkingarkröfur og námsferli.
- Fjölbreyttar leiðir til að læra.
- Snjallfræðsla.
- Aðlaðandi framsetning fræðslu.
- Hvatning og stuðningur til að læra.
- Góð yfirsýn yfir þekkingu og nám.

Meginverkefni þessu tengd árið 2017 hafa verið:

- Nýting á Workplace sem vettvangi til að læra og miðla.
- Könnun á lærdómsmenningu bankans vorið 2017.
- Samtal við stjórnendur um mikilvægi hvatningar til að læra og miðla.
- Aukið framboð rafrænnar fræðslu.
- Fjölbreyttari kennsluaðferðir á námskeiðum innan bankans.
- Öflug kynning á fræðsluframboði innan sem utan bankans.
- Undirbúningur innleiðingar á nýju rafrænu fræðsluumhverfi.

fræðslustarfi bankans er lögð áhersla á að bjóða upp á starfsumhverfi sem hvetur starfsfólk til að huga markvisst að eigin starfsþróun og tryggja sér nauðsynlega þekkingu og hæfni til að ná árangri í starfi. Áhersla er lögð á að efla einstaklinginn og starfsfólk er hvatt til að sækja nám og fræðslu utan bankans eftir því sem við á.

Starfsfólki bankans býðst að sækja fjölbreytta fræðsludagskrá. Árið 2017 var boðið upp á 170 viðburði og þátttakendur voru um 3300. Hver starfsmaður bankans sótti að meðaltali ríflega 3 viðburði í fræðsludagskránni. Meirihluti starfsmanna bankans er virkur í símenntun þar sem 84% þeirra sóttu einhverja starfstengda símenntun árið 2017 á vegum bankans. Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern starfsmann á árinu 2017 var 10,5 klst.

Lærum og miðlum - lærdómsmenning

Ýmsir þættir í rekstarumhverfi Landsbankans kalla á breytta nálgun að starfsþróun og fræðslu. Má þar helst nefna aukna tæknivæðingu starfa og breytingar á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja. Aldrei hafa verið til jafn fjölbreyttar leiðir til að læra og miðla og nú.

Á árinu 2017 hefur því markvisst verið unnið að því hjá Landsbankanum að endurskoða fræðslustarfið og búa til lærdómsmenningu sem tekur mið af þeirri þróun sem er að eiga sér stað. Yfirskrift verkefnisins er „lærum og miðlum“ og það miðar að því að skapa starfsumhverfi sem hvetur fólk enn frekar til þess að taka ábyrgð á eigin þekkingu og miðla henni til samstarfsmanna.

Samfélagsábyrgð

Samfélagsábyrgð er mikilvægur þáttur í starfsemi Landsbankans og rík áhersla er lögð á að hún sé samþætt stefnumörkun bankans í heild.

Samfélagsstefna Landsbankans miðar að því að stuðla að sjálfbærni í íslensku samfélagi, að bankinn sé hreyfiafl og starfi í samræmi við ábyrga stjórnarhætti. Á árinu 2017 voru ábyrgar fjárfestingar í brennidepli og var Landsbankinn stofnaðili að nýjum íslenskum samtökum um ábyrgar fjárfestingar, IcelandSIF.

Samfélagsábyrgð er mikilvægur þáttur í starfsemi Landsbankans og áhersla er lögð á að hún sé samþætt stefnumörkun bankans í heild. Á árinu 2017 voru ábyrg fjármál áfram í brennidepli og var Landsbankinn stofnaðili að nýjum íslenskum samtökum um ábyrgar fjárfestingar, IcelandSIF. Aukið samstarf var um öryggismál á netinu og áhersla lögð á varnir gegn peningaþvætti og fjármögnum hryðjuverka. Jafnréttismálin voru einnig ofarlega á baugi og góður árangur náðist í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna bílaflota bankans.

Stefnan: Landsbankinn er traustur samherji í fjármálum

Samfélagsstefna Landsbankans miðar að því að stuðla að sjálfbærni í íslensku samfélagi, vera hreyfiafl og starfa eftir ábyrgum stjórnarháttum við rekstur bankans. Efnahagslíf, samfélag og náttúra eru hluti af sama kerfinu og vöxtur þess getur ekki farið út fyrir þau endanlegu mörk sem náttúran setur. Sjálfbærni vistkerfa og öflugt atvinnulíf eru samþætt og samrýmanleg, ekki andstæður.

Við ætlum að vera hreyfiafl í samfélaginu með því að eiga frumkvæði að samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og samtök um þróun á atvinnuháttum og



innviðum sem stuðla að aukinni sjálfbærni íslensk atvinnulífs og samfélags. Markmiðið er að tækifæri Íslands í þessu sambandi verði nýtt með sem bestum hætti fyrir land og þjóð til framtíðar. Saman sköpum við ný viðskiptatækifæri með áherslu á sjálfbærni.

Stefna Landsbankans er að vera til fyrirmyndar og vera traustur samherji í fjármálum. Við ætlum að vera í fremstu röð hvað varðar samfélagsábyrgð fyrirtækja á Íslandi.

Samfélagsstefna Landsbankans var samþykkt árið 2011. Eftir mikla stefnumótunarvinnu í samfélagsábyrgð var ný stefna kynnt í mars 2015 og hefur hún verið í stöðugri þróun síðan. Undanfarin misseri hefur aukin áhersla verið lögð á vöruframboð bankans, útlán og fjárfestingar, en áður var mest litið til eigin reksturs (fasteigna, farartækja og mannauðsmála).

Landsbankinn var eitt þeirra fyrirtækja sem stóðu að stofnun Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, árið 2011. Bankinn hefur verið aðili að UN Global Compact frá árinu 2006. UN Global Compact er samstarfsverkefni Sameinuðu þjóðanna og atvinnulífsins til að fylgja eftir markmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið snýst um að hvetja fyrirtæki til að sýna samfélagsábyrgð í verki. Fyrirtæki sem staðfesta samkomulagið kjósa að fylgja viðmiðum Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að efla sjálfbærni í rekstri og framfylgja ábyrgum viðskiptaháttum.

Ítarleg samfélags- og framvinduskýrsla

Samfélagsskýrsla Landsbankans er skrifuð á hverju ári samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI). Skýrslan inniheldur samanburðarhæfar upplýsingar frá ári til árs og áhersla er lögð á að leggja fram greinargóðar lýsingar á þeim aðferðum sem viðhafðar eru við innleiðingu og þróun samfélagsábyrgðar í Landsbankanum. Samfélagsskýrslan gegnir einnig hlutverki framvinduskýrslu til UN Global Compact.

Samfélagsskýrsla Landsbankans

Samfélagsskýrsla Landsbankans er rituð árlega samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) og verður birt á vef bankans eigi síðar en 21. mars 2018.

Í Samfélagskýrslunni er fjallað um þau verkefni sem bankinn vinnur að sem tengjast samfélagsábyrgð og þar er með aðgengilegum hætti fjallað um samfélagsstefnu bankans og samfélagsvísa í rekstri bankans. Einnig er reynt að veita innsýn í það sem vel er gert og það sem betur má fara.

Áfram áhersla á ábyrg fjármál

Í Landsbankanum hefur markviss verið unnið að innleiðingu á stefnu í ábyrgum fjárfestingum undanfarin misseri, til að gera bankanum kleift að samþætta samfélagsábyrgð og fjárfestingarákvarðanir. Bankinn fékk aðild að United Nations Principles for Responsible Investment (UN PRI) í byrjun árs 2013. Stefna Landsbankans um ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af reglum UN PRI og tekur mið af reglum um áhættuvilja,

stórar áhættuskuldbindingar og hámark heildaráhættu, rekstraráhættu, orðsporsáhættu, lausafjáráhættu og góða stjórnarhætti. Þau fyrirtæki sem gangast undir reglur UN PRI skuldbinda sig til að veita upplýsingar um hvernig tekið er tillit til þessara þátta í framvinduskýrslu.

Landsbankinn telur að samþætting umhverfismála, samfélagsmála og góðra stjórnarhátta við mat á fjárfestingarkostum hafi jákvæð áhrif á ávöxtun fjárfestinga til lengri tíma og dragi úr rekstaráhættu. Viðskiptaumhverfið er að breytast og frammistaða í sjálfbærni og samfélagsábyrgð er farin að hafa áhrif á hvernig áhætta í fyrirtækjarekstri er metin, sem og vaxtarmöguleika fyrirtækja.

Landsbankinn vill, með samræðum um samfélagsábyrgð við fyrirtæki, leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir til að hagur bankans og fjárfesta verði betur tryggður til framtíðar. Starfshættir Landsbankans varðandi ábyrgar fjárfestingar byggja á virkum samræðum þar sem neikvæð skimun (útilokun) er undantekningartilvik.

Landsbankinn stofnaðili Samtaka um ábyrgar fjárfestingar, IcelandSIF

Samtök um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi voru stofnuð 13. nóvember 2017 og var Landsbankinn einn af 23 stofnaðilum. Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða hjá Landsbankanum, er stjórnarformaður samtakanna.

Tilgangur samtakanna er að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga. Stofnaðilar samtakanna eru fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingafélög sem fjárfesta fyrir eigin reikning eða í umboði þriðja aðila með starfsemi á Íslandi og styðja tilgang samtakanna. Á meðal stofnaðila voru ellefu lífeyrissjóðir, fjórir bankar, þrjú tryggingafélög, fjögur rekstrarfélög verðbréfasjóða og eitt eignastýringarfyrirtæki.

Samtökunum er ætlað að vera óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar fjárfestingar og munu því sem slík ekki taka afstöðu til álitamála er varðar umrædd málefni. Enskt heiti samtakanna er IcelandSIF (Iceland Sustainable Investment Forum).

Viðbótarviðmið við greiningu fjárfestinga

Hagfræðideild Landsbankans aflar upplýsinga á skipulagðan máta um starfsemi skráðra fyrirtækja með hliðsjón af sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Um er að ræða staðlaðan einfaldan spurningalista sem tekur á helstu þáttum samfélagsábyrgðar, umhverfismálum og jafnrétti. Með þessum spurningalista stígur Landsbankinn sín fyrstu skref við að afla upplýsinga um hvernig fyrirtæki sem skráð eru

Dæmi um aðila er geta valdið orðsporsáhættu

- Þeir sem grunaðir eru um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- Þeir sem koma að vopnaframleiðslu.
- Þeir sem koma að framleiðslu og/eða dreifingu ólöglegra eiturefna.
- Þeir sem bjóða upp á veðmál og/eða happdrætti sem ekki starfa samkvæmt íslenskum lögum.
- Þeir sem framleiða, dreifa eða annast greiðsluþjónustu fyrir klám, mansal og/eða vændi.



á markað haga þessum málum en svörin voru gerð aðgengileg fjárfestum á heimasíðu Hagfræðideildar í júní 2017. Að svo stöddu eru spurningarnar einungis til upplýsinga fyrir fjárfesta og tekur deildin ekki efnislega afstöðu til svaranna. Langtímastefnan er að tekið verði meira tillit til þessara þátta í tengslum við mat á fjárfestingarkostum. Markmiðið er að samfélagsábyrgð verði hluti af almennum greiningum í framtíðinni í samræmi við skuldbindingar bankans um ábyrgar fjárfestingar.

Landsbankinn leggur sig fram og hefur sett sér þá stefnu að vera til fyrirmyndar um að hafa öflugar varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. með könnun á áreiðanleika viðskiptavina, eftirliti og reglulegri fræðslu til starfsmanna.

Áhersla lögð á varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Landsbankinn hefur innleitt rafrænt eftirlitskerfi sem greinir óeðlilegar færslur og kannar hvort viðskipti tengjast aðilum á válistum. Um miðbik ársins 2017 hóf bankinn innleiðingu á rafrænu áhættumati á viðskiptasamböndum sem mun efla varnir bankans enn frekar en með vaxandi alþjóðlegum viðskiptum og frelsi í fjármagnsflæði milli ríkja hefur peningaþvætti orðið alþjóðlegt vandamál og er talið ein af undirstöðum alþjóðlegrar glæpastarfsemi, s.s. fíkniefnaverslunar, hryðjuverka, vopnasölu, mansals o.fl.

Þá hefur Landsbankinn fjölgað sérhæfðu starfsfólki á þessu ári sem annast eftirlit, reglulegar tilkynningar til peningaþvættisskrifstofu og samskipti við lögreglu. Þessar fjárfestingar bankans í innviðum draga úr hættu á fjársvikum og því að bankinn sé misnotaður til peningaþvættis en tilraunum til að hafa fé af viðskiptavinum bankans með sviksamlegum hætti hefur fjölgað umtalsvert á undanförnum misserum.

Einnig verður áfram lögð áhersla á nauðsynlega fræðslu og ráðgjöf fyrir starfsmenn bankans.

Orðsporsáhætta

Í stefnu bankans um orðsporsáhættu áskilur Landsbankinn sér rétt til að hafna viðskiptum við aðila sem geta valdið hættu á tjóni á orðspori bankans. Þessir aðilar eru þau undantekningartilvik sem nefnd eru sem hluti af neikvæðri skimun.

Aukið samstarf um netöryggi

Glæpa- og svikastarfsemi á netinu færðist í aukana á árinu og netglæpir urðu enn þróaðri. Landsbankinn leggur mjög

mikla áhersla á netöryggi og hefur árangur Landsbankans í þeim efnum undanfarin ár vakið athygli út fyrir landsteinana. Í nóvember gekk Landsbankinn í samtökin Nordic Financial CERT, fyrstur íslenskra fjármálafyrirtækja. Nordic Financial CERT eru samtök norrænna fjármálafyrirtækja sem ætlað er að efla netöryggi og verjast glæpastarfsemi.

Aukin áhersla á persónuvernd

Í maí 2018 tekur gildi ný löggjöf um vernd persónuupplýsinga. Markmið hennar er að efla persónuvernd einstaklinga. Einstaklingum er gefið aukið vald um hvernig upplýsingar þeirra eru nýttar og auknar skyldur eru lagðar á fyrirtæki sem vinna með persónuupplýsingar.

Landsbankinn hefur á árinu 2017 lagt áherslu á nauðsynlegar umbætur til að standast kröfur samkvæmt nýju persónuverndarlöggjöfinni. M.a. var unnið að því að greina nýjar kröfur við vinnslu persónuupplýsinga og skrá upplýsingar um alla vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað í bankanum. Einnig var unnið að lausnum til að geta afgreitt beiðnir viðskiptavina sem snúa að afritun gagna þeirra og um að flytja gögn þeirra til þriðja aðila að ósk viðskiptavina.

Landsbankinn vill vera í fremstu röð í jafnréttismálum. Landsbankinn greiðir körlum og konum sömu laun fyrir sömu störf og tryggir að á meðal starfsmanna sé ekki til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur.

Jafnréttismálin í brennidepli

Landsbankinn leggur áherslu á að ráða jafnt konur sem karla í stjórnunarstöður. Einelti, fordómar og kynbundin eða kynferðisleg áreitni líðast ekki í bankanum.

Árið 2017 samþykkti Alþingi lög um jafnlaunavottun sem tóku gildi 1. janúar 2018. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Undirbúningur vottunarferlis er hafinn innan bankans og miðar sú vinna að því að Landsbankinn öðlist vottun á árinu 2018. Jafnréttisstefna Landsbankans og aðgerðaáætlun stefnunnar er til skoðunar og endurmats, meðal annars með hliðsjón af þeirri vitundarvakningu sem #metoo frásagnirnar hafa valdið.

Meginatriði jafnréttisstefnunnar

- Í Landsbankanum eiga karlar og konur jafna möguleika til starfa og stjórnarsetu.
- Landsbankinn stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna bankans og forðast að skilgreina störf sem karla- eða kvennastörf.
- Landsbankinn greiðir körlum og konum sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.
- Landsbankinn leggur áherslu á að starfsmenn geti samræmt vinnu sína og einkalíf.
- Landsbankinn gætir þess að bæði kynin hafi jöfn tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
- Í Landsbankanum líðst hvorki einelti, fordómar né kynbundin eða kynferðisleg áreitni.

Árin 2015 og 2016 hlaut bankinn gullmerki jafnlaunaúttektar PwC en Landsbankinn var fyrstur banka á Íslandi til þess að hljóta gullmerkið. Árið 2011 skrifaði Landsbankinn undir Jafnréttissáttmálann (Women's Empowerment Principles – Equality means Business), alþjóðlegt átak UN Women og UN Global Compact. Með undirskriftinni skuldbatt bankinn sig til að vinna að jafnréttismálum innan fyrirtækisins en í sáttmálanum eru sjö viðmið sem hafa skal að leiðarljósi við að efla konur innan fyrirtækja og auka þátt þeirra í atvinnulífinu.

Árið 2010 setti bankinn sér það markmið að hlutur hvors kyns um sig í forystusveit bankans yrði aldrei minni en 40%. Í framkvæmdastjórn bankans eru nú þrjár konur og fjórir karlar.

Landsbankinn tók þátt í loftslagsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar ásamt 102 öðrum fyrirtækjum. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun í tengslum við

Parísarfundinn um loftslagsbreytingar og felst í því að fyrirtækin skuldbinda sig til að setja sér markmið og aðgerðaáætlun í samfélagsábyrgð til 10 ára.

Umhverfismálin mikilvæg

Markvisst hefur verið unnið að innleiðingu á flokkun sorps í starfsstöðvum Landsbankans. Innleiðingu er lokið í höfuðstöðvum og í öllum útibúum á höfuðborgarsvæðinu. Búið er að innleiða flokkun á vinnustöðvum á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi. Hlutfall flokkaðs úrgangs eykst sífellt og er markmiðið að Landsbankinn verði nær eingöngu með flokkaðan úrgang.

Landsbankinn vinnur jafnt og þétt að innleiðingu Led-lýsingar í bankanum en raforkunotkun bankans hefur minnkað til muna undanfarin ár. Lokið hefur verið við að setja upp Led-lýsingu í útibúunum í Grafarholti og Hafnarfirði, auk þess sem allt húsið í Borgartúni 33 er með Led-lýsingu. Í höfuðstöðvunum í Kvosinni hefur verið komið upp Led-lýsingu á yfir 1000 fermetra svæði.

Dregið úr útblæstri

Í byrjun árs 2017 voru teknir í notkun fjórir vistvænir fólksbílar í rekstri Landsbankans sem keyptir höfðu verið í lok árs 2016. Bílarnir eru ætlaðir til afnota fyrir starfsfólk sem þarf að nota bíl frá bankanum vegna vinnuferða. Á árinu var fækkað um fjóra bensín- og díselbíla í bílaflota bankans. Hlutfall vistvænna bifreiða í Landsbankanum í lok árs 2017 var 36%. Með þessum aðgerðum hefur útblástur vegna bifreiða bankans minnkað um 35,4% á milli áranna 2016 og 2017.

Meginmarkmið bankans í umhverfismálum

- Allar bifreiðar Landsbankans verði vistvænar.
- Sorpflokkun verði á öllum vinnustöðvum Landsbankans
- Landsbankinn takmarki rafmagnsnotkun eins og unnt er.
- Umhverfisvottaðar vörur verði notaðar í rekstri eins og unnt er.
- Innkaup á umhverfisvottuðum vörum

Markmiðið er að allar bifreiðar Landsbankans verði umhverfisvænar árið 2025 og á þessum hraða er vonast til að bankinn nái markmiðinu fyrr. Áætlað er að skipta út fimm eldri bifreiðum í byrjun árs 2018 fyrir vistvæna bíla.

Samgöngusamningar

Með samgöngusamningum vill Landsbankinn fjölga valmöguleikum starfsmanna hvað varðar samgöngur svo þeir geti nýtt sér þann ferðamáta sem best hentar hverju sinni; notað vistvænan ferðamáta almennt en einnig haft aðgang að bíl þegar þess er þörf.

Í lok árs 2017 voru 446 starfsmenn með virka samgöngusamninga, eða 41% af heildarfjölda starfsmanna. Af þeim sem eru með virka samgöngusamninga eru 265 konur, eða 59,42%, og 181 karl sem er sambærilegt við hlutfall kynjanna í starfsliði bankans.

Í samgöngusamningi felst að starfsmenn skuldbinda sig til að nýta annan ferðamáta en einkabílinn vegna ferða til og frá vinnu í 60% tilvika. Bankinn endurgreiðir þeim útlagðan kostnað, allt að 90.000 krónum á ári eða 7.500 kr. mánaðarlega.

Hlutfall starfsmanna með samgöngusamning

Samstarf og stuðningur

Landsbankinn styður og tekur þátt í fjölbreyttum samfélagsverkefnum sem stuðla að uppbyggingu og framþróun í samfélaginu. Stuðningurinn er mikilvægur liður í stefnu bankans um samfélagsábyrgð.

Landsbankinn styður og tekur þátt í margvíslegum samfélagsverkefnum. Lögð er áhersla á að stuðningur bankans við samfélagið sé fjölbreyttur og að hann nýtist mörgum. Árið 2017 efldist t.d. samstarf Hinsegin daga og Landsbankans enn frekar með nýjum styrktarpotti fyrir Gleðigönguna.

Samfélagsstuðningur Landsbankans er mikilvægur liður í stefnu bankans um samfélagsábyrgð. Bankinn styður fjölbreytt samfélagsverkefni með fjárframlögum úr Samfélagssjóði og samstarfssamningum. Til viðbótar styðja útibú bankans margvísleg verkefni í sinni heimabyggð.

Landsbankinn styrkir samfélagsverkefni einkum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi í gegnum Samfélagssjóð, þar sem engar kröfur eru gerðar á móti styrkjum, í öðru lagi með samstarfssamningum með gagnkvæmum ávinningi og loks fyrir tilstilli útibúa sem styðja vel við bakið á verkefnum í sínu nærsamfélagi, þ.m.t. íþrótta- og æskulýðsstarf, mannúðarsamtök og frjáls félagasamtök.

Markmið með styrkjum úr Samfélagssjóði

- Fjölbreyttur stuðningur við samfélagið sem nýtist mörgum.
- Fagfólk skipar meirihluta dómnefnda.
- Jafnræði og dreifing við úthlutun styrkja er tryggð eins og kostur er.
- Skýr farvegur fyrir styrkveitingar bankans.

Samfélagssjóður

Samfélagssjóður Landsbankans gegnir lykilhlutverki í stuðningi bankans við samfélagið. Árið 2017 voru veittir þrenns konar styrkir: námsstyrkir að upphæð sex milljónir, umhverfisstyrkir að upphæð fimm milljónir og samfélagsstyrkir að upphæð fimmtán milljónir, alls 26 milljónir króna.

Lögð er áherslu á að stuðningur við samfélagið sé fjölbreyttur og að hann nýtist mörgum. Bankinn hefur sett sér þá reglu að dóm-

nefndir skuli skipaðar fagfólki að meirihluta og að farvegur fyrir afgreiðslu styrkja sé skýr til þess að viðskiptavinir bankans og aðrir landsmenn hafi jafna möguleika til að sækja um styrki.

Samstarf Hinsegin daga og Landsbankans efldist enn frekar á árinu með nýjum styrktarpotti sem styður einstaklinga og hópa við undirbúning og framkvæmd atriða í Gleðigöngunni. Samstarfið við Hinsegin daga er eitt af fjölmörgum samstarfsverkefnum bankans á sviði samfélagsmála.

Landsbankinn leitast við að auka beina þátttöku starfsmanna í samfélagsverkefnum, m.a. með ráðgjöf á ýmsum sviðum sem tengjast fjármálum og nýsköpun. Þá hefur starfsfólk setið í dómnefndum, meðal annars í frumkvöðlakeppninni Gullegginu.

Slysavarnarfélagið Landsbjörg

Landsbankinn er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Bankinn vill styðja við bakið á öflugu slysavarna- og björgunarstarfi um allt land. Slysavarnafélagið Landsbjörg er landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi og ein stærstu sjálfboðaliðasamtök á Íslandi. Markmið starfseminnar er að koma í veg fyrir slys og bjarga mannslífum og verðmætum.

Á allra vörum

Landsbankinn var bakhjarl landssöfnunarinnar Á allra vörum í ár. Að þessu sinni var safnað fyrir Kvennaathvarfið, en þar er unnið ómetanlegt starf í þágu kvenna. Átakið stóð fyrir landssöfnun til að fjármagna húsnæði fyrir konur sem eiga ekki í öruggt hús að vernda að lokinni dvöl í athvarfinu. Átakið náði hápunkti með landssöfnun í beinni útsendingu á RÚV og sjónvarpi Símans en alls söfnuðust ríflega 80 milljónir til verkefnisins.

Hinsegin dagar

Landsbankinn styður réttindabaráttu hinsegin fólks á Íslandi heilshugar og hefur verið stoltur bakhjarl Hinsegin daga í Reykjavík frá upphafi. Árið 2017 var samstarfssamningur Hinsegin daga og Landsbankans endurnýjaður, auk þess sem samstarfið var eflt enn frekar með nýjum styrktarpotti. Markmiðið með Gleðigöngupottinum svokallaða er að styðja einstaklinga og smærri hópa við undirbúning og framkvæmd atriða í gleðigöngu Hinsegin daga og þannig auðvelda þátttöku í Hinsegin dögum.

Landsbankinn leggur 1,5 milljónir króna í pottinn, til viðbótar við annað stuðning við hátíðina. Stjórn Hinsegin daga ber ábyrgð á umsóknarferlinu og skipar dómnefnd sem fer yfir umsóknir og úthlutar styrkjum úr Gleðigöngupottinum. Dómnefndin getur einnig tekið frá upphæð að hámarki 200.000 krónur og notað fjárhæðina til að veita hvatningarverðlaun í lok Hinsegin daga. Sjö hópar hlutu styrk úr pottinum í ár og hlaut fjöllistahópurinn Drag-Súgur hæsta styrkinn.

UN Women

Landsbankinn hefur átt mjög gefandi samstarf við UN Women á Íslandi undanfarin ár og verið bakhjarl landsnefndarinnar í mikilvægum verkefnum. Bankinn er til að mynda bakhjarl HeForShe-verkefnisins en markmið þess er að hvetja karla og stráka til að láta til sín taka í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á öllum vígstöðvum. Landsbankinn skrifaði árið 2011 undir Jafnréttissáttmálann (Women's Empowerment Principles – Equality Means Business), alþjóðlegt átak UN Women og UN Global Compact. Með undirskriftinni skuldbatt bankinn sig til að vinna að jafnréttismálum innan fyrirtækisins.

Menningarnótt

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi í Menningarnótt frá upphafi. Bankinn hefur bæði opnað dyr sínar fyrir gestum og gangandi og verið bakhjarl hátíðarinnar alla tíð. Það hefur verið bankanum kappsmál að fjárstuðningur hans renni beint til listamanna og -hópa sem skipuleggja viðburði á Menningarnótt. Til að ná því markmiði var stofnaður sérstakur Menningarnæturpottur á vegum Höfuðborgarstofu og Landsbankans. Markmið hans er að veita frumlegum og sérstökum hugmyndum brautargengi. Í ár fengu 27 verkefni styrki og áherslan var lögð á Hlemm og svæðið þar í kring.

Iceland Airwaves

Landsbankinn er stoltur bakhjarl tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves. Stuðningur við ungt tónlistarfólk sameinar samfélagsábyrgð bankans og viðleitni til að veita listum og menningu í landinu virkan stuðning. Undanfarin ár hefur Landsbankinn fengið ungt tónlistarfólk til að hita upp fyrir tónlistarhátíðina með útgáfu myndbanda. Í ár urðu rapparinn Birnir og hljómsveitirnar GDRN og Between Mountains fyrir valinu.

Viðtöl við þetta efnilega tónlistarfólk má finna á Airwaves-vef Landsbankans, en það kom einnig fram á „off-venue" tónleikum í útibúi bankans við Austurstræti þann 4. nóvember, fyrir fullu húsi gesta og við góðar undirtektir. „Off-venue" tónleikar voru einnig haldnir í Stúdentakjallaranum og útibúi bankans á Akureyri.

Skólahreysti

Landsbankinn er aðalbakhjarl Skólahreysti og leggur keppninni lið af krafti. Markmið Skólahreysti er að hvetja börn til að taka þátt í alhliða íþróttaupplifun sem byggð er á grunnforsendum almennrar íþróttakennslu og þar sem keppendur vinna að mestu leyti með eigin líkama í þrautum. Vinsældir Skólahreysti hafa aukist ár frá ári og keppa nú yfir 600 krakkar fyrir hönd sinna skóla, auk þess sem nokkur þúsund krakkar eru virkir félagar í stuðningsliðum. Auk Landsbankans nýtur Skólahreysti stuðnings mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Norrænu ráðherranefndarinnar, Toyota og Íþrótta- og ólympíusambandsins.

Knattspyrnusamband Íslands

Landsbankinn er bakhjarl Knattspyrnusambands Íslands. Ásamt fimm öðrum fyrirtækjum styrkir Landsbankinn uppbyggingarstarf íslenskrar knattspyrnu um land allt, öll yngri landslið og A-landslið karla og kvenna.

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu tók þátt í lokakeppni EM í sumar en íslenskar knattspyrnukonur hafa notið mikillar velgengni undanfarin ár. Við fylgdumst með stelpunum á EM vef Landsbankans og fjölluðum um sókn íslenskrar kvennaknattspyrnu á Umræðunni.

Vigdísarstofnun

Landsbankinn er bakhjarl Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, ásamt tíu öðrum fyrirtækjum. Landsbankinn hefur styrkt Vigdísarstofnun með veglegum hætti síðustu ár og hefur styrkjunum verður varið til daglegrar starfsemi vegna undirbúnings stofnunarinnar. Vigdísarstofnun er starfrækt í Veröld – húsi Vigdísar sem var vígt 20. apríl 2017.

Vigdísarstofnun - alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar hlaut í nóvember 2011 samþykki Mennta,-vísinda, og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, til að starfa undir merkjum hennar.

Háskólasjóður Eimskipafélagsins

Níu doktorsnemar við Háskóla Íslands fengu styrk úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands við úthlutun styrkja úr doktorssjóðum Háskóla Íslands vorið 2017. Sjóðurinn er í umsjá Landsbankans.

Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands var settur á laggirnar af Vestur-Íslendingum árið 1964 með því að stofnaðilar lögðu til hans hlutabréfaeign sína í Eimskipafélaginu. Sjóðurinn var stofnaður til minningar um Vestur-Íslendinga og til að styðja við stúdenta í rannsóknartengdu námi við Háskóla Íslands. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum í núverandi mynd fór fram árið 2006 og síðan hafa yfir 130 doktorsnemar fengið styrk úr sjóðnum.

Fjármálafræðsla

Landsbankinn tekur virkan þátt í verkefninu Fjármálavit sem Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) standa fyrir í samvinnu við aðildarfélögin. Markmiðið er að fræða nemendur tíunda bekkjar í öllum skólum landsins um grunnþætti fjármála og veita innblástur í kennslu um fjármál. Starfsfólk aðildarfélaga SFF um allt land heimsækir skóla á sínu svæði og miðlar námsefninu.

Lánatryggingasjóðurinn Svanni

Í samstarfi við Svanna – lánatryggingasjóð kvenna veitir Landsbankinn konum í atvinnurekstri lán sem sjóðurinn og bankinn ábyrgjast sameiginlega. Landsbankinn veitir helming ábyrgðar á móti sjóðnum og tryggir þannig konum í nýrri starfsemi rýmri aðgang að fjármagni en ella og eykur möguleika þeirra á að stofna fyrirtæki. Í september hélt Landsbankinn kynningarfund fyrir frumkvöðlakonur um fjármögnunarmöguleika hjá Svanna. Samstarfssamningurinn er liður Landsbankans í að efla atvinnulíf og hvetja til nýsköpunar í landinu.

Gulleggið

Landsbankinn er styrktaraðili Gulleggsins sem er árleg frumkvöðlakeppni á vegum Icelandic Startups. Meginmarkmið keppninnar er að skapa vettvang fyrir ungt athafnafólk til að öðlast þjálfun og reynslu í mótun nýrra viðskiptahugmynda og rekstri fyrirtækja. Samhliða keppninni er þátttakendum boðið upp á námskeið, ráðgjöf og aðstoð sérfræðinga um allt frá mótun hugmyndar til áætlanagerðar og þjálfunar í samskiptum við fjárfesta.

Aldrei fór ég suður

Landsbankinn er einn af aðalbakhjörlum rokkhátíðarinnar Aldrei fór ég suður sem haldin er á Ísafirði um hverja páska. Landsbankinn hefur stutt hátíðina, sem stofnuð var af tónlistarmanninum Mugison og föður hans, allt frá árinu 2010 og vill með því leggja sitt af mörkum til að efla grasrótarstarf í íslenskri tónlist. Fríður hópur flytjenda kom fram á hátíðinni í ár, m.a. Emmsjé Gauti, HAM, Hildur og Lúðrasveit Ísafjarðar.

Klasasamstarf í ferðaþjónustu

Landsbankinn hefur verið aðili að klasasamstarfi í ferðaþjónustu frá upphafi samstarfsins árið 2012. Helsta markmið þess er að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun innan ferðaþjónustunnar og er verkefnið unnið í anda klasaaðferðafræði Michaels Porters. Að klasasamstarfinu standa lykilfyrirtæki á sviði ferðaþjónustu, opinberir aðilar og fyrirtæki sem styðja við eða eiga samstarf við greinina.

Ráðstefnuborgin Reykjavík

Landsbankinn er þátttakandi í samtökunum Ráðstefnuborgin Reykjavík, sem heldur úti kynningar- og markaðsstarfi undir nafninu „Meet in Reykjavík“. Markmið samtakanna er að fjölga ráðstefnugestum til Reykjavíkur og nágrennis, lengja ferðamannatímann inn í vetramánuðina og nýta þannig betur þá innviði sem til staðar eru. Ráðstefnuborgin Reykjavík er samstarfsverkefni fjölmargra fyrirtækja, m.a. Icelandair, Reykjavíkurborgar og Hörpu tónlistarhúss, og er markhópurinn að stærstum hluta erlendir ráðstefnuhaldarar og gestir.

Iceland Luxury

Landsbankinn hefur ásamt Icelandair Group, Bláa lóninu, og Meet in Reykjavík tekið höndum saman um stefnumarkandi verkefni til þriggja ára sem miðar að markaðssetningu á Reykjavík og Íslandi fyrir ferðamenn sem krefjast hágæðaþjónustu. Verkefnið ber heitið Iceland Luxury og er hýst og því stjórnað af Meet in Reykjavík. Markmið þessa samkomulags er að stuðla að langtímastefnumörkun á þessu sviði, styrkja ímynd Reykjavíkur og Íslands í augum vel stæðra ferðamanna, auka samtakamátt fyrirtækja sem starfa á þessum markaði, og hvetja til þróunar innviða og þjónustu fyrir þennan markhóp. Samstarfið er framhald af þeirri uppbyggingu sem hófst með stofnun Meet in Reykjavík árið 2012 og styður Landsbankinn einnig þá starfsemi.

Íslenski sjávarklasinn

Landsbankinn er samstarfsaðili Íslenska sjávarklasans, en tilgangur hans er að efla samkeppnishæfni og verðmætasköpun íslenskra fyrirtækja sem byggja afkomu sína á nýtingu sjávar, með beinum eða óbeinum hætti. Íslenski sjávarklasinn hefur frá stofnun stuðlað að framþróun og nýsköpun í þeim greinum sem mynda klasann, í samstarfi við fyrirtæki og menntastofnanir, og stendur fyrir útgáfu greininga og rannsókna af ýmsu tagi. Um 60 fyrirtæki og stofnanir í margvíslegri sjávartengdri starfsemi á Íslandi eiga formlega aðild að samstarfsvettvangi Íslenska sjávarklasans.

Útgáfa

Landsbankinn gefur út fjölbreytt efni um efnahagsmál og fjármál í víðum skilningi. Útgáfan hefur skýra vísun í samfélagsábyrgð bankans og hlutverk hans sem hreyfiafl í samfélaginu.

Landsbankinn gefur út mikið af áhugaverðu efni sem tengist fjármálum, starfsemi bankans og breytingum í samfélaginu. Á árinu 2017 gaf bankinn t.d. út viðamikil veftímarit um verslun og þjónustu annars vegar og ferðaþjónustu hins vegar. Efnið var birt á Umræðu Landsbankans sem var valin besta efnis- og fréttaveitan á Íslensku vefverðlaununum 2017.



Umræðan

Umræða Landsbankans er metnaðarfullt vefsvæði þar sem birtar eru áhugaverðar greinar um fjölbreytt efni, bæði um það sem er efst á baugi í fjármálaheiminum en einnig málefni sem tengjast breytingum í samfélaginu. Vefurinn hefur skýra vísun í hlutverk bankans sem hreyfiafl í íslensku samfélagi.

Umræðan opnaði í nóvember 2016 og var vefurinn valinn besta efnis- og fréttaveitan á verðlaunahátíð Íslensku vefverðlaunanna í janúar 2017.

Við framsetningu efnis er notast við texta, ljósmyndir, myndbönd og tölulegt efni. Á árinu 2017 hefur áherslan á gerð myndbanda aukist, jafnt viðtöl við sérfræðinga og álitsgjafa, fræðandi yfirlits- og kynningarmyndbönd, auk skemmtilegra hugleiðinga í myndbandaformi.

Sum málefnin sem fjallað er um á Umræðunni eru samfélagstengd og tengjast ekki starfsemi bankans með beinum hætti, t.d. greinar og myndbönd um gleðigöngu Hinsegin daga, björgunar- og slysavarnastarf á Íslandi, íslensku rappsenuna, framtíðarkvikmyndir og kvennaknattspyrnu, meðan aðrar fjalla um þróun mála í banka- og fjármálageiranum, t.d. greinar um persónuvernd, kosti eignadreifingar og fasteignamarkaðinn.

Metnaðarfull greinaröð um netöryggismál birtist á Umræðunni í apríl þar sem sérfræðingar bankans fjölluðu um ýmsar hliðar þess málaflokks, t.d. framtíð auðkenningar, öryggi í netverslun, vefveiðar og ýmislegt fleira. Á undanförnum árum hefur tilraunum til fjársvika á netinu fjölgað umtalsvert og Landsbankanum er mikið í mun að vera viðskiptavini sína og aðra við hættum sem af þeim stafa. Hluti af greinaröðinni var upplýsingamyndband þar sem varað var við einni tiltekinni tegund netsvika, fyrirmælafölsunum,



Hagspá Hagfræðideildar og greiningar deildarinnar á ákveðnum geirum hagkerfisins birtast nú eingöngu á Umræðunni.

með aðgengilegum hætti. Einnig hefur talsvert verið fjallað um ábyrgar fjárfestingar á Umræðunni.

Umfangsmikil vefsvæði hafa verið sett upp í tilefni af stærri útgáfum Hagfræðideildar bankans. Hagspá Hagfræðideildar og greiningar deildarinnar á ákveðnum geirum hagkerfisins birtast nú eingöngu á Umræðunni. Má þar nefna ítarleg vefsvæði um verslun og þjónustu sem birt var í mars annars vegar og ferðaþjónustu sem birt var í september hins vegar. Á vefsvæðunum er notast við gagnvirk gröf, myndbönd, ljósmyndir og viðtöl við hagsmunaaðila í atvinnulífinu sem styðja með áhugaverðum hætti við texta greininganna. Á Umræðunni má einnig finna upptökur, glærur og annað efni frá ráðstefnum á vegum bankans.

Hagsjá Hagfræðideildar Landsbankans birtist einnig á Umræðunni en það eru reglulegir pistlar um stöðu efnahagsmála, ríkisfjármála, um fasteignamarkaðinn, verðbólguhorfur og margt fleira. Í Vikubyrjun birtast upplýsingar um stöðuna á mörkuðum, vikan sem leið er gerð upp og sagt er frá því sem framundan er á sviði efnahagsmála, birtingu á hagtölum, uppgjörum o.s.frv.

Hjá Hagfræðideild Landsbankans á sér stað öflug rannsóknar- og greiningarvinna á þróun efnahagsmála og gegnir deildin lykilhlutverki við að móta sýn bankans á þróun og horfur í efnahagslífinu, innanlands og utan.

Hagfræðideildin gaf út 382 greiningar árið 2017

Deildin gefur út þjóðhags- og verðbólguspár, auk þess að sinna atvinnuvegagreiningum og öðrum sérhæfðari verkefnum. Einnig annast hún greiningu og verðmat á skráðum félögum á markaði. Alls sendi Hagfræðideild frá sér 382 greiningar árið 2017, auk þess að standa fyrir fjölda kynningafunda og viðburða tengdum efnahagsmálum á árinu. Hagfræðideildin gerði m.a. ítarlega úttekt á stöðu og horfum í íslenskri verslun og ferðaþjónustu á Íslandi. Í kjölfar kynningar Landsbankans á hagspá Hagfræðideildar í Hörpu í nóvember sl. var Þjóðhagur, ársrit deildarinnar, gefið út á Umræðunni. Um er að ræða ítarlegar greinar um ólíka þætti efnahagslífsins á Íslandi og í heiminum öllum. Myndbönd með viðtölum við sérfræðinga Hagfræðideildar birtust einnig á Umræðunni, sem og á

Útgáfur Hagfræðideildar

Þjóðhagsgreiningar, skuldabréf og gjaldeyrismarkaður	
Þjóðhagur og sérrit	4
Hagsjá	119
Vikubyrjun	49
Yfirlit yfir gjaldeyrismarkað	12
Mánaðaryfirlit sértryggðra skuldabréfa	12
	196
Hlutabréf	
Afkomuspár	52
Viðbrögð við afkomu	43
Verðmat fyrirtækja	16
Mánaðaryfirlit hlutabréfa	12
Sérrit	15
Hluthafalisti	48
	186
Útgáfur á ensku	54

Facebook-síðu bankans. Iðulega er vitnað í sérfræðinga Hagfræðideildar og greiningar þeirra í fjölmiðlum og þeir fara reglulega í fjölmiðlaviðtöl, í samræmi við stefnu bankans um að vera virkur þátttakandi í samfélaginu.

Ráðstefnur og fundir

Á hverju ári stendur Landsbankinn fyrir fjölbreyttum ráðstefnum og fundum og gefur út ýmis sérrit og greiningar um efnahagsmál og atvinnulífið. Á árinu 2017 stóð bankinn m.a. fyrir stórri ráðstefnu um stöðu og horfur í ferðaþjónustu á Íslandi og árlegri ráðstefnu þar sem Hagfræðideild Landsbankans kynnti nýja hagspá til næstu þriggja ára. Á síðarnefndu ráðstefnunni var einnig fjallað um áhrif fasteignaverðs á stöðugleikann og Simon McGeary, framkvæmdastjóri hjá Citigroup, ræddi um arðgreiðslugetu banka og fjármagnsskipan þeirra í ljósi breytinga á alþjóðlegu regluverki fjármálafyrirtækja.

Undir liðnum Ráðstefnur á Umræðu Landsbankans birtast upptökur, glærur og annað efni frá ráðstefnunum sem eru ávallt mjög vel sóttar. Áhersla er lögð á að efnið á vefnum sé sem ítarlegast og aðgengilegast fyrir alla.

Að auki voru haldnir minni fundir víða um land þar sem meðal annars var fjallað um sparnað, mikilvægi eignadreifingar, fjárfestingartækifæri erlendis í kjöl-

Á árinu 2017 stóð bankinn m.a. fyrir stórri ráðstefnu um stöðu og horfur í ferðaþjónustu á Íslandi og árlegri ráðstefnu þar sem Hagfræðideild Landsbankans kynnti nýja hagspá til næstu þriggja ára.

far afléttingar gjaldeyrishafta og fyrstu fasteignakaup. Í tengslum við Hagspá Landsbankans voru haldnir fundir í Reykjanesbæ og á Akureyri.

Sérfræðingar Landsbankans taka einnig virkan þátt í fjölda annarra ráðstefna, s.s. Íslensku sjávarútvegssýningunni og stórri ráðstefnu Samtaka verslunar og þjónustu, þar sem ítarleg greining Hagfræðideildar á stöðu íslenskrar verslunar var kynnt.

Sprota-appið – app Landsbankans fyrir börn

Sprota-appið, bráðskemmtilegt app fyrir börn, kom út árið 2016. Markmiðið var að útbúa séríslenskt app fyrir börn sem væri bæði fróðlegt og skemmtilegt. Sprota-appið er sannkallaður ævintýraheimur með fjölbreyttum leikjum, sögum, tónlist og fræðslu fyrir krakka á öllum aldri. Sprota-appið er

Sprota-appið er séríslenskt app fyrir börn og er bæði fróðlegt og skemmtilegt.

íslensk framleiðsla frá grunni. Kári Gunnarsson teiknari sá um hugmyndavinnu, hönnun og teikningar; Felix Bergsson ritaði sögu og texta og íslenska fyrirtækið Aranja sá um forritunina.

Forritun Sprota-appsins fékk viðurkenningu á Íslensku vefverðlaununum í janúar 2017. Auk þess var Sprota-appið tilnefnt sem besta vefappið.

Fjármál og ársreikningur

Helstu atriði ársreiknings

Hagnaður (ma. kr.)

19,8

Eiginfjárhlutfall

26,7%

Arðsemi eigin fjár

8,2%

Nánar um helstu atriði ársreiknings

Eiginfjárþörf (ma. kr.)

Heildarlausafjárþekja LCR



90 daga vanskil



Helstu atriði ársreiknings

„Rekstur Landsbankans gekk vel á árinu 2017 og afkoma bankans var í samræmi við væntingar. Markaðshlutdeild jókst og hefur aldrei mælst hærri á einstaklingsmarkaði, kannanir sýndu aukið traust til bankans og meiri ánægju viðskiptavina með þjónustuna.“

- Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans. Úr fréttatilkynningu 15. febrúar 2018.

Rekstrarhagnaður Landsbankans eftir skatta nam 19,8 milljörðum króna á árinu 2017 samanborið við 16,6 milljarða króna á árinu 2016. Arðsemi eigin fjár var 8,2% samanborið við 6,6% arðsemi á árinu 2016. Eiginfjárhlutfall bankans nam 26,7% í árslok 2017 samanborið við 30,2% eiginfjárhlutfall í byrjun ársins.

Hreinar vaxtatekjur námu 36,3 milljörðum króna á árinu 2017 og hækkuðu því um 1,6 milljarð króna á milli ára. Á árinu 2017 er vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna og heildarskulda 2,5% samanborið við 2,3% árið á undan. Hreinar þjónustutekjur Landsbankans hækkuðu um 8% á milli ára. Kemur það einkum til vegna aukinna umsvifa í markaðsviðskiptum og eignastýringu og aukningar í þjónustutekjum vegna greiðslukorta. Aðrar rekstrartekjur hækka um tæpar 500 milljónir króna á milli ára sem einkum skýrist af þróun á mörkuðum á árinu. Kostnaðarhlutfall lækkaði milli ára, var 46,1% árið 2017 samanborið við 48,4% árið 2016.

Afkomukynning fyrir árið 2017

Kennitölur	31.12.2017	31.12.2016
Hagnaður eftir skatta	19.766	16.643
Hreinar rekstrartekjur	53.512	48.700
Hreinar vaxtatekjur	36.271	34.650.
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	12,3%	9,9%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	8,2%	6,6%
Eiginfjárhlutfall (CAR)	26,7%	30,2%
Vaxtamunur eigna og skulda	2,5%	2,3%
Kostnaðarhlutfall*	46,1%	48,4%
Heildarlausafjárþekja LCR	157%	128%
Lausafjárþekja LCR FX	931%	743%
Heildareignir	1.192.870	1.111.157
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	153,0%	144,7%
Stöðugildi	997	1.012

* Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls / (Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána)
Allar upphæðir eru í milljónum króna

Efnahagsreikningur

Heildareignir bankans námu 1.193 milljörðum króna í árslok 2017 og jukust þær um rúm 7% á árinu.

Helstu breytingar á eignahlið efnahags Landsbankans á árinu 2017 voru þær að útlán til viðskiptavina hækkuðu um 72 milljarða króna og skuldabréfaeign bankans lækkaði um tæpa 37,6 milljarða króna.

Á skuldahlið voru þær breytingar helstar að innlán viðskiptavina jukust um tæpa 15,4 milljarða króna og skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka jukust um 12 milljarða króna. Einnig jukust lántökur um 57,9 milljarða króna. Á árinu 2017 greiddi bankinn upp að fullu eftirstöðvar skuldabréfanna sem bankinn gaf út til LBI ehf., ásamt því að endurfjármagna að hluta óveðtryggðan skuldabréfaflokk, á gjalddaga í október 2018, að fjárhæð 300 milljónir evra.

Eigið fé bankans lækkar um 5,2 milljarða króna á milli ára, en lækkunina má rekja til 24,8 milljarða króna arðgreiðslu á árinu. Hagnaður bankans nam 19,8 milljörðum króna á árinu 2017.





Eignir	31.12.2017	31.12.2016	Breyting 2017	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	55.192	30.662	24.530	80%
Markaðsskuldabréf	117.310	154.892	-37.582	-24%
Hlutabréf	27.980	26.688	1.292	5%
Kröfur á lánastofnanir	44.866	20.408	24.458	120%
Útlán til viðskiptavina	925.636	853.417	72.219	8%
Aðrar eignir	18.238	17.641	597	3%
Eignir til sölu	3.648	7.449	-3.801	-51%
Samtals	**1.192.870**	**1.111.157**	**81.713**	**7%**

Lausafjárstaða

Lausafjárstaða bankans er sterk bæði í heild og í erlendri mynt. Lausafjáreignir námu tæpum 167,1 milljarði króna í lok árs 2017.

Meginmælikvarði lausafjáráhættu til skamms tíma er lausafjárþekja (e. liquidity coverage ratio) sem mælir hlutfall hágæða lausafjáreigna af hreinu heildarútflæði á næstu 30 dögum miðað við álagsaðstæður.

Heildarlausafjárþekja var 157% í lok árs 2017 en Seðlabankinn gerir kröfu um að hlutfallið sé að lágmarki 100%. Lausafjárþekja erlendra mynta var á sama tíma 931% en Seðlabankinn gerir kröfu um að það hlutfall sé að lágmarki 100%.

Útlán til viðskiptavina námu 926 milljörðum króna í lok árs 2017 samanborið við tæpa 853 milljarða króna í byrjun ársins og hækkuðu þau um 72 milljarða króna á árinu.

Skuldir og eigið fé	31.12.2017	31.12.2016	Breyting 2017	
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	32.062	20.093	11.969	60%
Innlán frá viðskiptavinum	605.158	589.725	15.433	3%
Lántaka	281.874	223.944	57.930	26%
Aðrar skuldir	27.693	25.069	2.624	10%
Skuldir tengdar eignum til sölu	27	1.095	-1.068	-98%
Eigið fé	246.057	251.231	-5.174	-2%
Samtals	**1.192.871**	**1.111.157**	**81.714**	**7%**

Allar upphæðir eru í milljónum króna



* Eiginfjárhlutfall

Á árinu 2017 námu ný útlán 279 milljörðum króna. Heildarútlán hækkuðu um 7 milljarða króna vegna gengisáhrifa, verðbóta og virðisaukningar. Afborganir viðskiptavina á árinu námu 213 milljörðum króna.

Heildareignir bankans hækkuðu um 81,7 milljarða króna á árinu.

Innlán viðskiptavina, að fjármálafyrirtækjum frátöldum, jukust um 2,6% á árinu 2017, eða um 15,4 milljarða króna. Innlán frá fjármálafyrirtækjum hækkuðu um 12 milljarða króna á árinu.

Landsbankinn hefur verið með lánshæfismat frá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu S&P Global Ratings frá ársbyrjun 2014. Í október 2017 var lánshæfiseinkunn bankans hækkuð um eitt þrep og er nú BBB+/A-2 með stöðugum horfum

Í mars 2017 gaf Landsbankinn út óveðtryggð skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra. Skuldabréfin eru á gjalddaga í mars 2022, bera fasta 1,375% vexti og voru seld á kjörum sem jafngilda 130 punkta álagi ofan á meðaltal vaxta í vaxtaskiptum í evrum.





Lausafjáreignir	31.12.2017	31.12.2016	Breyting 2017	
Lausafé hjá seðlabönkum	12.151	18.819	-6.668	-35%
Lán til fjármálastofnana (styttri en 7 dagar)	57.074	16.732	40.342	241%
Skuldabréf hæf til endurhverfra viðskipta	97.885	125.159	-27.274	-22%
Lausafjáreignir samtals	**167.110**	**160.710**	**6.400**	**4%**

Allar upphæðir eru í milljónum króna



Í júní 2017 gaf Landsbankinn út óveðtryggð skuldabréf að fjárhæð 1.000 milljónum sænskra króna. Skuldabréfin eru á gjalddaga í júní 2020 og voru gefin út í tveimur flokkum: 700 milljónir sænskra króna á fljótandi STIBOR-vöxtum, auk 1,0% vaxtaálags, og 300 milljónir sænskra króna á 0,75% föstum vöxtum.

Í nóvember 2017 gaf Landsbankinn út óveðtryggð skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra. Skuldabréfin eru á gjalddaga í maí 2023, bera 1,0% vexti og voru seld á kjörum sem jafngilda 85 punkta álagi ofan á meðaltal vaxta í vaxtaskiptum í evrum.

Rekstarhagnaður bankans eftir skatta á árinu 2017 nam 19,8 milljörðum króna samanborið við 16,6 milljarða króna árið 2016. Á árinu 2017 var virðisrýrnun útlána jákvæð um 1,8 milljarð króna.



Hreinar vaxtatekjur námu 36,3 milljörðum króna á árinu 2017 samanborið við 34,7 milljarða króna árið 2016. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna og heildarskulda var 2,5% á árinu 2017 og hækkar um 0,2% á milli ára.

Virðisbreytingar útlána voru jákvæðar um 1,8 milljarð króna samanborið við neikvæða virðisbreytingu upp á 318 milljónir króna árið 2016. Hreinar þjónustutekjur námu 8,4 milljörðum króna á árinu 2017, sem er hækkun um 622 milljónir króna á milli ára. Sú hækkun skýrist að langstærstum hluta af aukningu á kortamarkaði og auknum umsvifum í markaðsviðskiptum.

Aðrar rekstrartekjur námu 7 milljörðum króna á árinu 2017 samanborið við 6,6 milljarða króna árið 2016, sem er hækkun um 7% á milli ára. Hækkunina má einkum rekja til jákvæðra gangvirðisbreytinga óskráðra hlutabréfa.



Rekstrarreikningur	2017	2016	Breyting 2017	
Hreinar vaxtatekjur	36.271	34.650	1.621	5%
Virðisbreyting	1.785	-318	2.103	-661%
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu	**38.056**	**34.332**	**3.724**	**11%**
Hreinar þjónustutekjur	8.431	7.809	622	8%
Gjaldeyrisgengismunur	-1.375	-179	-1.196	668%
Aðrar rekstrartekjur	8.400	6.738	1.662	25%
Afkoma fyrir rekstrarkostnað	**53.512**	**48.700**	**4.812**	**10%**
Laun og launatengd gjöld	14.061	14.049	12	0%
Önnur rekstrargjöld	9.789	9.465	324	3%
Rekstrarkostnaður	**23.850**	**23.514**	**336**	**1%**
Hagnaður fyrir skatta	**29.662**	**25.186**	**4.476**	**18%**
Tekju- og bankaskattur	-9.896	-8.543	-1.353	16%
Hagnaður ársins	**19.766**	**16.643**	**3.123**	**19%**

Allar upphæðir eru í milljónum króna

Rekstrarkostnaður ársins 2017 var 23,9 milljarðar króna, en það er hækkun frá árinu 2016, þegar rekstrarkostnaðurinn var 23,5 milljarðar króna. Launakostnaður stendur í stað á milli ára og annar rekstrarkostnaður hækkaði um 324 milljónir. Kostnaðarhlutfallið fyrir árið reiknast 46,1%. Kostnaðarhlutfallið sýnir hlutfall rekstrargjalda bankans á móti hreinum rekstrartekjum, að undanskildum virðisbreytingum útlána. Stöðugildum í samstæðu bankans fækkaði um 15 á árinu 2017, úr 1.012 í 997.





Fjármögnun

Stærstur hluti fjármögnunar Landsbankans er í formi innlána frá viðskiptavinum, lánastofnunum og Seðlabanka sem námu um 637 milljörðum króna í árslok 2017.

Fjármögnun Landsbankans grundvallast á þremur meginstoðum: innlánum frá viðskiptavinum, fjármögnun á markaði og eigin fé. Lánshæfiseinkunn Landsbankans er metin BBB+/A-2 með stöðugum horfum af S&P Global Ratings.

Frá ársbyrjun 2014 hefur lánshæfi Landsbankans verið metið af alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu Standard & Poor's og hefur lánshæfismat bankans verið endurskoðað til hækkunar á hverju ári síðan. Í október 2017 var lánshæfiseinkunn bankans hækkuð um eitt þrep og er nú metin BBB+/A-2 með stöðugum horfum.



Innlán frá viðskiptavinum

Stærstur hluti fjármögnunar Landsbankans er í formi innlána frá viðskiptavinum, lánastofnunum og Seðlabanka sem námu 637 milljörðum króna í árslok 2017 og eru að mestu leyti óverðtryggð og óbundin. Innlán frá viðskiptavinum jukust um 27 milljarða króna á árinu. Verðtryggð inn-





lán námu 106 milljörðum í lok árs 2017 og lækkuðu um þrjá milljarða króna frá fyrra ári.

Skuldabréfaútgáfa á erlendum mörkuðum

EMTN-skuldabréfarammi bankans er tveir milljarðar evra að stærð og var stækkaður úr 1,5 milljarði evra á árinu 2017. Fyrstu skref í útgáfum undir rammanum voru tekin haustið 2015 og var útgáfum haldið áfram á árunum 2016 og 2017. Landsbankinn gaf út skuldabréf til fimm ára að fjárhæð 300 milljónir evra og skuldabréf til þriggja ára að fjárhæð einn milljarður sænskra króna á fyrri hluta ársins 2017 og nýtti andvirðið til að greiða að fullu upp eftirstöðvar skuldabréfa sem voru gefin út til Landsbanka Íslands hf., nú LBI ehf. Skuldabréfin til LBI voru upphaflega gefin út vegna eigna og skulda sem færðar voru frá LBI til Landsbankans í október 2008 og nam upphafleg fjárhæð þeirra 350 milljörðum króna á þáverandi gengi. Árið 2014 var samið var um að lokagreiðsla skuldabréfanna yrði innt af hendi í október 2026 með heimild til uppgreiðslu án kostnaðar hvenær sem er á tímabilinu. Með því að greiða upp skuldabréfin við LBI lækkaði Landsbankinn fjármagnskostnað sinn og losaði um veðsetningu eigna sem stóðu til tryggingar skuldabréfunum.

Erlendar skuldabréfaútgáfur eru veigamesta stoðin í fjármögnun bankans á markaði. Í nóvember 2017 gaf bankinn út 5,5 ára skuldabréfaflokk að fjárhæð 300 milljónir evra og nýtti afrakstur-inn til greiðslu eldri skulda, þar á meðal til endurkaupa á hluta af skuldabréfaútgáfu bankans í evrum sem er á gjalddaga í október 2018. Í árslok námu erlendar skuldabréfaútgáfur samtals 191 milljörðum króna og jukust um 73 milljarða króna á árinu.

Frá fyrstu útgáfu árið 2015 hafa kjör á eftirmarkaði lækkað umtalsvert. Á árinu 2017 héldu kjör markflokka bankans í evrum áfram að batna og lækkuðu um yfir 70 punkta fyrir skuldabréf á





gjalddaga árið 2021. Endurfjármögnun eldri skulda á hagstæðari kjörum hafði því umtalsverð jákvæð áhrif á veginn fjármögnunarkostnað bankans.

Sértryggð skuldabréfaútgáfa

Útgáfurammi bankans fyrir sértryggð skuldabréf er 120 milljarðar króna að stærð og var stækkaður úr 100 milljörðum króna á árinu 2017. Útgáfa sértryggðra skuldabréfa undir rammanum er fyrst og fremst ætluð til að fjármagna íbúðalánasafn bankans og til að draga úr fastvaxtaáhættu. Á árinu 2017 voru regluleg útboð á sértryggðum skuldabréfum og voru tveir nýir flokkar gefnir út á árinu; verðtryggður flokkur til 7,5 ára og óverðtryggður flokkur til sex ára, auk þess sem einn eldri flokkur var á gjalddaga. Samningar um viðskiptavakt á eftirmarkaði með sértryggð skuldabréf útgefin af bankanum voru endurnýjaðir á árinu. Sértryggðar skuldabréfaútgáfur bankans námu 70 milljörðum króna í árslok 2017 og nam aukningin 32 milljörðum króna á árinu.

Víxlaútgáfa

Landsbankinn gaf reglulega út víxla á árinu 2017 undir 50 milljarða króna útgáfuramma bankans fyrir víxla og skuldabréf. Víxlaútgáfa bankans nam 7 milljörðum króna í árslok 2017 samanborið við 12 milljarða árið áður.

Hlutafé

Eigið fé bankans nam 246 milljörðum króna í árslok 2017 og lækkaði um 5 milljarða króna á árinu. Landsbankinn greiddi út arð að fjárhæð 25 milljarða króna til hluthafa á árinu 2017. Bankinn nýtti auk þess heimild til kaupa á eigin hlutum og bauð hluthöfum að kaupa til baka sem nemur allt að 2% útgefins hlutafjár, að frátöldum endurkaupum ársins 2016. Á árinu 2017 voru endurkaupin óveruleg. Eiginfjárhlutfall Landsbankans var 26,7% í árslok 2017.

Áhættustjórnun

Gæði útlánasafns Landsbankans bötnuðu á árinu 2017 en meðallíkur á vanefndum lækkuðu úr 2,5% í 2,3%.

Skýr og skilvirk heimild einstakra aðila til ákvarðanatöku, stýrð áhættutaka og eftirlit bankaráðs, bankastjóra og einstakra nefnda bankans, eru hornsteinar áhættustjórnar Landsbankans.

Útlánaáhætta var áfram vel innan áhættuvilja bankans á liðnu ári. Bókfært virði útlána bankans jókst um 53 milljarða króna árið 2017, mest vegna lána til þjónustufyrirtækja og íbúðalána til einstaklinga. Fasteignafélög eru hins vegar stærsta einstaka atvinnugreinin í lánasafni bankans. Lausafjárstaða bankans er áfram sterk, bæði í heild sem og í erlendum myntum. Þá er markaðsáhætta bankans hófleg og hafa markaðsáhættuþættir bankans verið í jafnvægi allt árið.

Áhættuþættir í rekstri bankans eru metnir með nokkrum mælistikum eftir mismunandi eðli þeirra. Þær mælistikur eru m.a. nýttar við setningu áhættumarka, greiningu áhættuþátta og breytinga á þeim, miðlun upplýsinga og stjórnun áhættu. Sameiginleg mæling allra áhættuþátta er mat á eiginfjárþörf (e. economic capital).

Innra mat bankans á eiginfjárþörf vegna útlánaáhættu (útlán og kröfur á viðskiptavini og fjármálafyrirtæki) hækkaði um 11% á árinu. Mikil útlánaaukning ræður þar mestu en jákvæð þróun gæða safnsins hafði þó temprandi áhrif á hækkun eiginfjárþarfar. Eiginfjárþörf vegna annarra áhættuþátta fór að öðru leyti almennt lækkandi á árinu en útlánaaukning gerir það að verkum að í lok árs 2017 var matið svipað árinu áður. Áhættugrunnurinn (REA) hækkaði einnig, en vegna bættra útlánagæða og tryggingastöðu var hlutfall eiginfjárþarfar og áhættugrunns 10,8% um sl. áramót, samanborið við 11,8% í árslok 2016.

Heildarmarkaðsáhætta Landsbankans er hófleg og vel innan áhættuvilja bankans. Lausafjárstaða bankans er góð og vel umfram kröfur Seðlabankans

en hlutfall heildarlausafjárþekju bankans var 157% í árslok og 931% í erlendum gjaldmiðlum.

Síðustu ár hefur verið unnið að innleiðingu á nýjum innlána- og greiðslukerfum sem rekin eru af Reiknistofu bankanna (RB). Nýju kerfin voru tekin í notkun í lok árs 2017. Um er að ræða stærsta hugbúnaðarverkefni sem Landsbankinn hefur tekið þátt í. Jafn stórri innleiðingu og hér um ræðir fylgja óhjákvæmilega truflanir en af hálfu bankans hefur megináhersla verið lögð á að takmarka áhrif á viðskiptavini eins og unnt er.

Skýr og skilvirk heimild einstakra aðila til ákvarðanatöku, stýrð áhættutaka og eftirlit bankaráðs, bankastjóra og einstakra nefnda bankans, eru hornsteinar áhættustjórnar Landsbankans. Bankinn hefur sett sér ítarlegar áhættureglur og byggt upp stjórnskipulag sem tryggir skýra ábyrgð og eftirfylgni við áhættustjórnun.

Umgjörð áhættustjórnunar

Mæling áhættuvilja og áhættumarka stærstu áhættuþátta í rekstri eru hluti af daglegri stjórnun bankans. Slík stjórntæki eru nýtt til að auka gæði eignasafnsins, bæta samsetningu þess og draga úr áhættu. Áhættuvilji tekur ekki einungis til áhættumarka heldur felur jafnframt í sér leiðbeiningar um viðhorf til áhættu í rekstri sem starfsmenn bankans þurfa að tileinka sér.

Áhættumörk bankans eru ávallt í samræmi við lög og reglur en bankinn skilgreinir einnig sjálfur fjölmörg áhættumörk að auki, sem ekki eru bundin í lög eða reglur. Landsbankinn hefur sett sér markmið um fjárhagsstöðu, gæði eigna, stöðutöku og ásættanlega arðsemi til lengri tíma. Til að ná markmiðum sínum tekur bankinn aðeins þá áhættu sem hann skilur, getur metið og mætt.

Yfirlit mælinga á áhættuvilja Landsbankans

Áhættuþáttur	Mæling
Útlánaáhætta	Vænt tap
	Meðallíkur á vanefndum
	Tap að gefnum vanefndum
	Geirasamþjöppun
	Lántakasamþjöppun
Markaðsáhætta	Hlutabréf
	Skuldabréf
	Gjaldeyrir
	Vaxta- og verðtryggingaráhætta utan veltubókar
	Verðtryggingaráhætta
Lausafjáráhætta	Lausafjárþekja - alls
	Lausafjárþekja - gjaldeyrir
Rekstraráhætta	Umfang rekstrar - Raunbreyting áhættugrunns
Fjármögnunaráhætta	Fjármögnunarþekja
	Eiginfjárviðmið

Við ákvörðun áhættuvilja eru samhliða sett áhættumörk fyrir helstu þætti tengda útlána-, markaðs-, lausafjár-, fjármögnunar- og rekstraráhættu, en þau eru misítarleg eftir eiginleikum og breytileika þeirra. Áfram er stefnt að því að halda áhættu stöðugri á efnahagsreikningi bankans.

Fjöldi skráðra mála, regluleg skýrsluskil undanskilin

- Fjármálaeftirlitið 500
- Seðlabankinn 298

Regluleg skýrsluskil

- Fjármálaeftirlitið
  20 skýrslur með 63 skýrsluskilum
- Seðlabankinn
  20 skýrslur með 154 skýrsluskilum, auk þess sem ein skýrsla er send inn daglega

Virkt innra eftirlit

Virkt innra eftirlit er einn af hornsteinum öflugrar áhættustjórnunar og á að stuðla að því að bankinn starfi í samræmi við áhættustefnu og áhættuvilja. Samtals starfar 61 starfsmaður við innra eftirlit Landsbankans, þ.e. innan sviðsins Áhættustýringar, í Regluvörslu, sem er sérstök deild sem heyrir undir bankastjóra, og við Innri endurskoðun.

Innra eftirlit er ferli sem er mótað af stjórnendum og starfsmönnum Landsbankans. Innra eftirlit felur í sér allar þær aðgerðir sem gripið er til með það að markmiði að styðja við, stjórna, takmarka eða vakta tiltekna starfsemi og auka þannig líkur á að bankinn nái settum markmiðum.

Landsbankinn leggur áherslu á góð samskipti við eftirlitsaðila og að upplýsingagjöf til þeirra sé ávallt rétt. Samtals voru 798 mál skráð í skjalastjórnunarkerfi Landsbankans árið 2017 vegna samskipta við Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann, fyrir utan regluleg skýrsluskil.

Ítarlegri upplýsingar í áhættuskýrslu

Landsbankinn hefur undanfarin ár gefið út áhættuskýrslu sem uppfyllir upplýsingaskyldu samkvæmt þriðju stoð Basel II. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir öllum þáttum áhættustýringar bankans og þeim aðferðum sem beitt er við mat á áhættu.

Áhættuskýrslunni er ætlað að að gefa glögga mynd af stöðu bankans og veitir hún m.a. lykilupplýsingar varðandi umfang, áhættuskuldbindingar, áhættumatsferli, eiginfjárstöðu og aðra mikilvæga þætti á þessu sviði.

Landsbankinn gaf út áhættuskýrslu þann 26. febrúar 2018. Skýrslan er á ensku.